



Landakotsskóli – heildarmat á skólastarfi

Maí 2011
Menntasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Sigurðardóttir

Una B. Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	5
Skólastarf.....	7
Námsárangur	7
Stjórnun	10
Skipulag skóladags	11
Samstarf við grenndarsamfélagið	11
Stefna og starfsáætlun	13
Nemendur og líðan	14
Stjórn nemendafélags	16
Reglur og agi	17
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	18
Upplýsingamiðlun og samskipti	21
Verklag	22
Fjölbreyttar leiðir í námi	22
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	24
Mat á gæðum kennslustunda - vettvangsathuganir	24
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	25
Skólaþróun og mat	27
Virk upplýsingamiðlun.....	28
Skólanámskrá og námsáætlanir	28
Heimasíða.....	28
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	29
Mannauður	31
Starfsánægja og líðan á vinnustað	31
Samstarf.....	31
Aðbúnaður	32
Símenntun og starfsþróun.....	32
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar	33
Viðvera starfsmanna.....	33
Fjármál	34
Greining.....	35
Samantekt ábendinga.....	35
Heimildir	44
Fylgiskjöl.....	44

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Landakotsskóla sem fram fór í apríl árið 2011. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat Menntasviðs Reykjavíkur. Landakotsskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2010-2011. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Landakotsskóli er einn elsti starfandi skóli landsins, stofnaður árið 1896. Skólinn er sjálfstætt starfandi grunnskóli fyrir 1. til 10. bekk ásamt deild fimm ára barna. Einn bekkur er í hverjum árgangi. Fram til 2005 var skólinn rekinn af Kapólsku kirkjunni en hann er nú rekinn sem sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri stjórn. Skólinn starfar eftir sem áður í húsnaði Kapólsku kirkjunnar við Túngötu í Reykjavík (Heimasíða: Um skólann).

Skólastjóri Landakotsskóla er Sölvi Sveinsson. Í Landakotsskóla eru 17 nemendur í 5 ára deild og um 100 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2010-2011. Nemendur koma víða að af höfuðborgarsvæðinu en flestir úr Reykjavík (105). Skólaárið 2010-2011 er samkensla í 3. og 4. bekk og 6. og 7. bekk vegna fárra nemenda í 4. og 7. bekk

Í skólanum starfa 33 starfsmenn skólaárið 2010-2011, þar af 23 kennarar (Heimasíða. Starfsfólk).

Skólahúsin eru fimm, svokallað Prestshús er frá árinu 1854 í því er bókasafn skólans og kennslustofa á efri hæð, elsta húsið sem byggt var sem skólahús er frá árinu 1909 og það nýjasta frá árinu 2003. Á undanförunum árum hefur eldra húsnaði verið yfirfarið og endurnýjað og stendur það viðhald enn yfir.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólafestu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 20 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2010. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2010-2011.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|----------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |

- Skýrsluskil – formleg vika 6
- Upplýsingar til menntaráðs í lok annar

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
 - Sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2010-2011 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2010-2011 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með fræðslustjóra. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til fræðslustjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.


Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Skólastarf


Námsárangur

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið **Læsi** var lagt fyrir í 2. bekk Landakotsskóla vorið 2010 og var niðurstaða þess að allir nemendur (15) töldust geta lesið sér til gagns¹ en meðaltal í grunnskólum Reykjavík var um 67%.



Meðalárangur nemenda í 2. bekk Landakotsskóla var 93% sem er hæsti meðalárangur skóla í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (72%). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2009 var Landakotsskóli með meðalárangurinn 68% og þá gátu 71% nemenda lesið sér til gagns.




¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

Ábendingar

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2010 er betri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (93% miðað við 72% í borginni allri) og allir nemendur í 2. bekk Landakotsskóla teljast geta lesið sér til gagns (100% miðað við 67% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2010 er betri en árið áður (68%) og hlutfallslega fleiri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (100% miðað við 71% árið áður).

Stærðfræðiskimunin Talnalykill var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í 31 grunnskóla Reykjavíkur í nóvember 2009. Meðalárangur nemenda í Landakotsskóla það ár í fyrsta þrepi, sem er þátturinn reikningur og aðgerðir, var mælitalan 14.7 sem er hæsti árangur skóla sem tóku þátt, en meðaltal allra grunnskólanna var 10,7. Í Landakotsskóla stóðust allir nemendur viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og enginn nemandi taldist líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði. Landakotsskóli tók ekki þátt í fyrirlögn Talnalykils haustið 2010.



Ábendingar

- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Landakotsskóla í nóvember 2009. Meðaltalsárangur var mælitalan 14.7 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 10.7.
- Í Landakotsskóla stóðust allir nemendur viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og enginn nemandi taldist líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði.
- Landakotsskóli tók ekki þátt í fyrirlögn Talnalykils haustið 2010.

Samræmd könnunarpróf – framfarastuðull²

Meðaltalsárangur nemenda í Landakotsskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010 er ekki birtur þar sem nemendafjöldi er undir tíu nema í íslensku í 10. bekk og þar er meðaltalsárangurinn undir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærra benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

	4. bekkur í Landakotsskóla		Reykjavík	
	M 10	M 05-10	M 2010	
Íslenska	Ekki birt	31,7	31,2	
Stærðfræði	Ekki birt	35,4	30,5	

	7. bekkur í Landakotsskóla		Reykjavík	Framfarastuðull
	M 10	M 05-10	M 2010	7. b. 2005-2010
Íslenska	Ekki birt	35,7	30,8	1,00
Stærðfræði	Ekki birt	35,9	30,4	1,04

	10. bekkur Landakotsskóla		Reykjavík	Framfarastuðull
	M 10	M 05-10	M 2010	10.b.2005-2010
Íslenska	25,6	33,1	30,6	1,05
Stærðfræði	Ekki birt	35,1	30,9	1,03
Enska	Ekki birt	37,2	31	

Framfarastuðull nemenda í 7. og 10. bekk Landakotsskóla árin 2005-2010 í íslensku og stærðfræði er hár, en innan þeirra marka sem teljast venjulegar framfarir nemenda (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2010).

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í Landakotsskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010 er ekki birtur þar sem nemendafjöldi er undir tíu nema í íslensku í 10. bekk og þar er meðaltalsárangurinn undir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Framfarastuðull nemenda í 7. og 10. bekk Landakotsskóla árin 2005-2010 í íslensku og stærðfræði er hár, en innan þeirra marka sem teljast venjulegar framfarir nemenda.

Árangur í Pisa 2009

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Í PISA 2009 var lögð áhersla á mælingu á lesskilningi nemenda, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum í stærðfræði og náttúrufræði (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is).

Skoduð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA 2009. Nemendur Landakotsskóla sýna hæsta meðaltalsárangur af grunnskólum borgarinnar í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. Meðaltalsárangur er einnig hæstur á landinu í stærðfræði og náttúrufræði og næsthæstur í lesskilningi. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 80%.

Ábendingar

- Í PISA 2009 sýndu nemendur Landakotsskóla hæsta meðaltalsárangur af grunnskólum borgarinnar í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. Meðaltalsárangur er einnig hæstur á landinu í stærðfræði og náttúrufræði og næsthæstur í lesskilningi. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 80%.

Stjórnun

Landakotsskóli hefur verið starfræktur sem sjálfseignarstofnun undir sjálfstæðri stjórn frá hausti 2005 með starfsleyfi frá Menntamálaráðuneyti og samþykki Menntasviðs Reykjavíkur. Áður var skólastarfið undir stjórn Kaþólsku kirkjunnar í Reykjavík. Í samþykktum stofnunarinnar kemur fram að tilgangur hennar er að reka einkarekinn grunnskóla í samræmi við grunnskólalög, skólinn verður starfræktur á sama stað og kaþólska kirkjan hefur rekið skóla að Landakoti og sérstakur samningur er gerður við kaþólska biskupsdæmið í Reykjavík um notkun skólabygginga undir starfsemina (Samþykktir, skipulagsskrá. 2005).

Stjórn Landakotsskóla ses er skipuð áhugasömum foreldrum eða fyrrverandi foreldrum við skólann eða fyrrverandi nemendum að sögn formanns stjórnar, þegar stjórnarmaður hættir er leitað til áhugasamra aðila úr þessum hópi til að koma inn í stjórnina. Stjórn sjálfseignarstofnunar fer með málefni hennar og skal annast um að skipulag hennar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara stjórn og framkvæmdastjóri með stjórn stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin gefur (Lög um sjálfseignarstofnanir nr. 33/99).

Skólastjóri stjórnar starfi Landakotsskóla í umboði stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar og í samræmi við lög og reglugerðir um grunnskóla. Hann fundar með stjórninni einu sinni í mánuði, upplýsir hana um skólastarfið og ber undir hana stefnumótun og hugmyndir um breytingar, „stjórnin leggur þessar stóru línur“, kemur fram hjá skólastjóra. Fagleg forysta er á höndum skólastjóra, hann leggur stefnumótun fyrir starfsmannafund og leitar þannig samráðs við kennara og aðra starfsmenn.

Fagstjórar eru fyrir hvert aldursstig, skólastjóri fundar með þeim formlega einu sinni í mánuði og oftast ef þörf er á, þeir funda síðan reglulega með kennurum á hverju stigi. Fagstjóri unglíngadeildar er staðgengill skólastjóra.

Skrifstofustjóri sér um fjármál og daglegan rekstur í umboði skólastjóra og gegnir jafnframt hlutverki ritara. Stærri fjárhagslegar ákvarðanir eru bornar undir stjórn.

Skipurit skólans eða starfslýsingar liggja ekki fyrir þegar mat fer fram, en í skólanámskrá, almennum hluta er kafli um hlutverk umsjónarkennara.

Að sögn skólastjóra er skólinn í föstum skorðum með áherslu á tungumál og stærðfræði sem hann vill halda en jafnframt vill hann taka inn nýjar áherslur, s.s. heimspekikennslu og aukna kennslu í listgreinum.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 63% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 20% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja með stjórnun árið 2010 var 3,6 sem er aðeins undir meðaltali í borginni (4,0). Foreldrar í rýnihópi lýsa mikilli ánægju með skólastjórann og segja skólann nú vera „á beinu brautinni“, skólastjóri og kennarar standi með foreldrum. Starfsmenn í rýnihópum segja skólastjóra sýnilegan og aðgengilegan og hann „tekur eftir því sem við erum að gera“.

Nemendur eru mjög ánægðir með skólastjórann, hann kemur í heimsókn til þeirra í skólastofuna, hann er skemmtilegur og „það er ekkert mál að fara til hans, hann tekur vel í allt“

Fastur fundartími er einu sinni í viku á miðvikudögum, kennarafundur eða starfsmannafundur er fyrsta miðvikudag í mánuði, þess á milli eru stigsfundir kennara eða aðrir samráðsfundir.

Skipulag skóladags

Skóladagur nemenda hefst með kennslu kl. 8:30 og lýkur ýmist kl. 13:15 eða 13:55 hjá 5 ára og 1.-3. bekk. Í 5. og 6. bekk lýkur skóladegi kl. 13:55 eða 14:45 eftir dögum og hjá 8.-10. bekk kl. 14:55 eða 15:25. Frímínútur eru í 15 mínútur milli 3. og 4. stundar og 10 mínútur milli 7. og 8. stundar. Matarhlé er í 30 mínútur frá 12:05-12:35 hjá öllum árgöngum.

Skoðaðar voru stundatöflur bekkja. Á töflu 5 ára nemenda eru skráðir 30 tímar á viku merktir námsgreinum og einn tími í lok hvers dags sem merktur er síðdegi. Á töflu 1.-3. bekkja eru skráðir 30 tímar auk eins tíma sem merktur er kór og á töflu 5. bekkjar 35 nemendatímar auk eins tíma sem merktur er kór, hjá 6./7. bekk eru 37 tímar auk eins tíma sem merktur er kór. Loks eru hjá 8.-10. bekk skráðir 41-42 tímar, valttímar þar á meðal. Skólinn býður nemendum frá 6. bekk viðbótarkennslutíma miðað við viðmiðunarstundaskrá sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla. Heildarkennslustundafjöldi í stærðfræði er yfir viðmiðunarstundaskrá og sömuleiðis í ensku en hún er kennd frá 5 ára bekk. Sömuleiðis er franska kennd frá 5 ára bekk. Heimilisfræði er ekkert kennd, að sögn skólustjóra vegna þess að aðstöðu skortir við skólann. Á næsta skólaári verður bætt úr þessu og heimilisfræðikennsla tekin upp skv. upplýsingum frá skólustjóra. Ekkert íþróttahús er við skólann og sækja nemendur frá 5. bekk kennslu í íþróttahús KR auk þess sem útivera er föst á töflu hjá yngsta og miðstigi. Danskennsla er í öllum árgöngum frá 5 ára, einn tíma á viku.

Skóladagurinn er skipulagður þannig kennt er í 80-120 mínútna lotum hjá öllum árgöngum og hver grein ýmist í 40 eða 80 mínútur samfelld. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar geta verið mislangir. Sundtímar falla inn í töflu.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Landakotsskóli tekur aðeins að hluta þátt í samstarfi grunnskóla borgarinnar eða í hverfinu og ekki hefur verið samstarf við félagsmiðstöðina Frosta. Samstarf við þjónustumiðstöð í Vesturgarði hefur verið gott að mati skólustjóra og í rýnihópi um sérkennslu kemur fram að samstarfið er í mótun.

Í skólanámskrá skólans segir að skólinn hafi tekið þátt í norrænum og evrópskum samstarfsverkefnum og stefnt er að því að ávallt sé eitt slíkt verkefni á starfsáætlun. Skólinn tekur reglulega á móti erlendum gestum og einstakir kennarar eiga samstarf við kollega í grannlöndum okkar (Skólanámskrá, s. 6). Um það leyti sem heildarmatið fór fram voru nemendur frá Jótlandi í heimsókn hjá unglingadeildum skólans.

Samstarf er við tónlistarskóla og gefst nemendum kostur á að stunda nám í hljóðafæraleik á skólatíma (Skólanámskrá, s. 7).

Ekkert formlegt samstarf er við kirkjuna en skólinn hefur fengið afnot af kirkjunni við skólaþing og skólaslit auk þess sem þar er haldin helgistund fyrir jólin.

Ábendingar

- Landakotsskóli hefur verið starfræktur sem sjálfseignarstofnun undir sjálfstæðri stjórn frá hausti 2005 með starfsleyfi frá Menntamálaráðuneyti og samþykki Menntasviðs Reykjavíkur. Í samþykktum stofnunarinnar kemur fram að tilgangur hennar er að reka einkarekinn grunnskóla í samræmi við grunnskólalög

- Stjórn Landakotsskóla ses er skipuð áhugasömum foreldrum, fyrrverandi foreldrum við skólann eða fyrrverandi nemendum.
- Skólastjóri stjórnar starfi Landakotsskóla í umboði stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar og í samræmi við lög og reglugerðir um grunnskóla. Hann fundar með stjórninni einu sinni í mánuði, upplýsir hana um skólastarfið og ber undir hana stefnumótun og hugmyndir um breytingar.
- Fagstjórar eru fyrir hvert aldurstig, fagstjóri unglingsdeildar er staðgengill skólastjóra.
- Skipurit skólans eða starfslýsingar liggja ekki fyrir þegar mat fer fram.
- Að sögn skólastjóra er skólinn í föstum skorðum með áherslu á tungumál og stærðfræði sem hann vill halda en jafnframt taka inn nýjar áherslur, s.s. heimspekikennslu og aukna kennslu í listgreinum.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 63% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 20% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja með stjórnun var 3,6 (meðaltal í borginni 4,0).
- Foreldrar í rýnihópi lýsa mikilli ánægju með skólastjórann. Starfsmenn í rýnihópum segja skólastjóra sýnilegan og aðgengilegan og nemendur eru mjög ánægðir með hann, hann er skemmtilegur og „það er ekkert mál að fara til hans, hann tekur vel í allt“.
- Fastur fundartími er einu sinni í viku á miðvikudögum, kennarafundur eða starfsmannafundur er fyrsta miðvikudag í mánuði, þess á milli eru stigsfundir kennara eða aðrir samráðsfundir.
- Á töflu 5 ára nemenda eru skráðir 30 tímar á viku og einn tími í lok hvers dags sem merktur er síðdegi. Á töflu 1.-3. bekkja eru skráðir 30 tímar auk eins tíma sem merktur er kór og á töflu 5. bekkjar 35 nemendatímar auk eins tíma sem merktur er kór, hjá 6./7. bekk eru 37 tímar auk eins tíma sem merktur er kór. Loks eru hjá 8.-10. bekk skráðir 41-42 tímar, valtímar þar á meðal.
- Skólinn býður nemendum frá 6. bekk viðbótarkennslutíma miðað við viðmiðunarstundaskrá sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla, Heildarkennslustundafjöldi í stærðfræði er yfir viðmiðunarstundaskrá og sömuleiðis í ensku sem kennd er frá 5 ára bekk. Sömuleiðis er franska kennd frá 5 ára bekk.
- Heimilisfræði er ekkert kennd, að sögn skólastjóra vegna þess að aðstöðu skortir við skólann. Á næsta skólaári verður bætt úr þessu og heimilisfræðikennsla tekin upp skv. upplýsingum frá skólastjóra.
- Danskennsla er í öllum árgöngum frá 5 ára, einn tíma á viku.
- Ekkert íþróttahús er við skólann og sækja nemendur frá 5. bekk kennslu í íþróttahús KR auk þess sem útivera er föst á töflu.
- Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir. Sundtímar falla inn í töflu.
- Landakotsskóli tekur aðeins að hluta þátt í samstarfi grunnskóla borgarinnar eða samstarfi í hverfinu og ekki hefur verið samstarf við félagsmiðstöðina Frosta.
- Samstarf við þjónustumiðstöð í Vesturgarði hefur verið gott að mati skólastjóra og í rýnihópi um sérkennslu kemur fram að samstarfið er í mótun.
- Ekkert formlegt samstarf er við kirkjuna en skólinn hefur fengið afnot af kirkjunni við skólasetningu og skólaslit auk þess sem þar er haldin helgistund fyrir jólin.
- Í skólanámskrá skólans segir að skólinn hafi tekið þátt í norrænum og evrópskum samstarfsverkefnum og stefnt er að því að ávallt sé eitt slíkt verkefni á starfsáætlun.

Stefna og starfsáætlun

Starfsáætlun Landakotsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera að mestu leyti í samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.

Stefna Landakotsskóla er sett fram í skólanámskrá skólans. Þar kemur fram að grundvöllur skólans er kristin hugmyndafræði sem felur í sér að börnum er sýnd umhyggja og nærgætni en jafnframt gerðar kröfur um góða ástundun í námi. Einkunnarorð skólans eru: Dominus dux sapientiae, þ.e. Drottinn er leiðtogi viskunnar. Í hugmyndafræði skólans kemur fram áhersla á virðingu, tillitssemi og kurteisi og samvinnu við heimilin til að leysa vandamál sem upp koma. Í uppeldisstefnu er áhersla á að öll kennsla í skólanum sé faglega og vel undirbúin og kennsluáferðir fjölbreyttar (Skólanámskrá, s. 4-5).

Undir stefnumótun á heimasíðu skólans eru sett fram markmið og gildi skólastarfsins í níu liðum:

- Landakotsskóli er sjálfseignarstofnun sem starfar á grundvelli grunnskólalaga eftir því sem við á og samþykktu skólans. Markmið skólans er að veita nemendum sínum framúrskarandi grunnmenntun og að vera í fremstu röð grunnskóla á Íslandi.
- Landakotsskóli byggir starf sitt á kristilegum gildum. Skólinn á í góðu samstarfi við Kapólsku kirkjuna á Íslandi sem á þær fasteignir sem nýttar eru í skólastarfinu. Mun skólinn á næstu árum treysta sig enn frekar í sessi sem öflug menntastofnun sem byggir starf sitt á áratugalangri reynslu samhliða nýjum viðhorfum á sviði kennsluhátta og kennslufræði. Landakotsskóli laðar til sín framúrskarandi kennara á öllum sviðum og skapar kennurum sem ná árangri í starfi aðstöðu sem hæfir metnaði þeirra, sjá nánar lið 8.
- Landakotsskóli þjónar fjölbreyttum hópi nemenda og sinnir öllum nemendum í samræmi við þarfir þeirra.
- Landakotsskóli eflir sjálfstæði, frumkvæði og sköpunarkraft nemenda í vinalegu og örvandi námsumhverfi.
- Landakotsskóli leggur áherslu á að nemendur tileinki sér skipulögð vinnubrögð, læri að nýta tímann vel og þroski með sér heilbrigðan metnað.
- Landakotsskóli leggur áherslu á hlýlegt og rólegt umhverfi fyrir nemendur þar sem tekið er faglega og af festu á vandamálum sem upp kunna að koma á milli nemenda.
- Landakotsskóli leggur áherslu á að foreldrar séu á hverjum tíma vel upplýstir um starfið í skólanum og stöðu og líðan barna sinna sem þar stunda nám.
- Landakotsskóli tryggir líkamlega og andlega velferð hvers nemenda með skipulögðu innra starfi undir stjórn skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í nánú samráði við foreldra þar sem verkferlar og verkaskipting er skýr (Heimasíða; stefnumótun).

Foreldrar í rýnihópi telja sig þekkja stefnu skólans og áherslu hans á tungumál og stærðfræði, bekkir eru litlir, námið einstaklingsmiðað og mikill agi miðað við annars staðar, segir í rýnihópi foreldra.

Sérstaða skólans felst fyrst og fremst í því að hann er einkarekinn grunnskóli. Foreldrar sækja um skólavist fyrir börn sín á sérstöku umsóknareyðublaði sem er á heimasíðu skólans. Þeir greiða mánaðarleg skólagjöld. Að sögn viðmælenda í matinu eru ekki skráðar inntökureglur og það er í höndum skólastjóra að meta umsóknir. Ekki hefur komið til þess undanfarin ár að neinum hafi verið hafnað en á árum áður voru biðlistar eftir því að komast í skólann. Þetta er ekki „elítuskóli“, hér er öll breiddin, segir einn viðmælenda.

Í skólanámskrá kemur fram að skólinn er rekinn á kristilegum grunni og byggir á kristnum lífsgildum. Þess sér víða stað í gögnum skólans og í skólastarfinu þar sem nemendur og kennarar byrja daginn með bæn.

Smæð skólans og litlir bekkir marka einnig sérstöðu hans. Fjallað er um sérstöðu skólans í skólanámskrá, þar kemur fram að hún felst í því að bekkir eru litlir þannig að auðveldara er að koma til móts við hvern og einn. Nemendur fá fleiri tíma í íslensku og stærðfræði en krafist er, auk þess sem markviss tungumálakennsla hefst þegar í 5 ára bekk. Allir nemendur fá ríkulega kennslu í dansi, myndlist, smíði, textíl og tónmennt (Skólanámskrá, s. 4).

Fjöldi nemenda af erlendum uppruna og íslensk börn sem alist hafa upp erlendis eru 25-30% nemendahópsins marka einnig sérstöðu skólans og skólinn leggur mikla áherslu á að taka vel á móti þessum nemendum, tryggja félagslega aðlögun og veita þeim íslenskukennslu.

Ábendingar

- Starfsáætlun Landakotsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera að mestu leyti í samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Stefna Landakotsskóla er sett fram í skólanámskrá skólans. Þar kemur fram að grundvöllur skólans er kristin hugmyndafræði sem felur í sér að börnum er sýnd umhyggja og nærgætni en jafnframt gerðar kröfur um góða ástundun í námi.
- Undir stefnumótun á heimasíðu skólans eru sett fram markmið og gildi skólastarfsins. Þar segir m.a.: Landakotsskóli þjónar fjölbreyttum hópi nemenda og sinnir öllum nemendum í samræmi við þarfir þeirra, eflir sjálfstæði, frumkvæði og sköpunarkraft nemenda í vinalegu og örvandi námsumhverfi og leggur áherslu á að nemendur tileinki sér skipulögð vinnubrögð, læri að nýta tímann vel og þroski með sér heilbrigðan metnað.
- Foreldrar í rýnihópi telja sig þekkja stefnu skólans og áherslu hans á tungumál og stærðfræði, bekkir eru litlir, námið einstaklingsmiðað og mikill agi miðað við annars staðar, segir í rýnihópi foreldra.
- Sérstaða skólans felst fyrst og fremst í því að hann er einkarekinn grunnskóli. Foreldrar sækja um skólavist fyrir börn sín og greiða mánaðarleg skólagjöld. Að sögn viðmælenda í matinu eru ekki skráðar inntökureglur og það er í höndum skólastjóra að meta umsóknir.
- Í skólanámskrá kemur fram að skólinn er rekinn á kristilegum grunni og byggir á kristnum lífsgildum. Þess sér víða stað í gögnum skólans og í skólastarfinu þar sem nemendur og kennarar byrja daginn með bæn.
- Fjallað er um sérstöðu skólans í skólanámskrá, þar kemur fram að hún felst í því að bekkir eru litlir þannig að auðveldara er að koma til móts við hvern og einn. Nemendur fá fleiri tíma í íslensku og stærðfræði en krafist er, auk þess sem markviss tungumálakennsla hefst þegar í 5 ára bekk. Allir nemendur fá ríkulega kennslu í dansi, myndlist, smíði, textíl og tónmennt.
- Nemendur af erlendum uppruna og íslensk börn sem alist hafa upp erlendis eru 25-30% nemendahópsins, þessi hópur markar einnig sérstöðu skólans og skólinn leggur mikla áherslu á íslenskukennslu fyrir hann.

Nemendur og líðan

Upplýsingar úr rannsóknum eða könnunum á líðan nemenda í Landakotsskóla liggja ekki fyrir þar sem skólinn hefur ekki verið þátttakandi í þeim. Skólinn er heldur ekki þátttakandi í Skólalámskránum sem er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang

að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda.³

Í foreldrakönnun 2010 mátu foreldrar í Landakotsskóla líðan barna sinna í skólanum almennt upp á skorið 4,3 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast vel* og reyndar gott betur en það. Líðan í frímínútum annarsvegar og í kennslustundum hinsvegar, meta foreldrarnir einnig upp á 4,3. Hér voru gildin í öllum tilvikum hærri en þau voru í könnuninni árið 2008 og í öllum tilvikum hærri en meðaltöl borgarinnar. Foreldrar í rýnihópi telja einnig að nemendum líði vel og segja að það sé borin umhyggja fyrir þeim, „kennarar frábærir og það er hlúð sérstaklega að börnunum“.

Í skólanámskrá skólans er birt áætlun í eineltismálum, þar kemur fram að skólinn leggur áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti í formi fræðslu og umræðu fyrir alla nemendur skólans, svo sem í lífsleikni og samþætt öðrum námsgreinum. Umsjónarkennara ber að sjá til þess að hver bekkur fái á hverjum vetri vandaða umfjöllun um eineltismál, upptök þeirra eðli og afleiðingar. Unnið er eftir skilgreindir áætlun ef grunur er um einelti (Skólanámskrá, s.19).

Af 44 foreldrum í Landakotsskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun 2010 um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu 9 eða 21%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 27%. Af þessum níu foreldrum svöruðu átta spurningu um hvernig skólinn hefði tekið á málinu. Fjórir (50%) sögðu að skólinn hefði brugðist *fljótt og vel* við eineltinu, tveir (25%) sögðu að skólinn hefði brugðist *vel en ekki nógu fljótt* við og aðrir tveir (25%) sögðu að skólinn *hefði ekki tekið á málinu*. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin var betri en niðurstaðan í borginni allri.

Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og halda að öðrum líði líka vel. Þau telja að það sé lítið um einelti í mesta lagi smástríðni „en það er ekki illa meint“.

Nemendur í rýnihópum eru ánægðir með kennara sína, þeir „kunna sitt fag og eru öruggir og sanngjarnir“.

Ábendingar

- Upplýsingar úr rannsóknum eða könnunum á líðan nemenda í Landakotsskóla liggja ekki fyrir. Skólinn er ekki þátttakandi í Skólapulsinum sem er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda
- Foreldrar barna í Landakotsskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,3 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Í skólanámskrá skólans er birt áætlun í eineltismálum, þar kemur fram að skólinn leggur áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti í formi fræðslu og umræðu fyrir alla nemendur skólans.
- Af 44 foreldrum í Landakotsskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja níu eða 21%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27% (Foreldrakönnun 2010).
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og halda að öðrum líði líka vel. Þau telja að það sé lítið um einelti í mesta lagi smástríðni „en það er ekki illa meint“.

³ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsin.is 8. janúar 2009.

- Nemendur í rýnihópum eru ánægðir með kennara sína, þeir „kunna sitt fag og eru öruggir og sanngjarnir“.

Stjórn nemendafélags

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 10. gr. um nemendafélög:

„Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.“

Í stjórn nemendafélags Landakotsskóla sitja sex fulltrúar úr 8.-10. bekk, tveir úr hverjum árgangi. Tvær stúlkur og fjórir drengir mynda stjórnina skólaárið 2010-2011.

Kjör fulltrúa fer þannig fram að nemendur í árganginum velja sína tvo fulltrúa með kosningu. Sá sem fær flest atkvæði í 10. bekk er sjálfkrafa kjörinn formaður stjórnarinnar. Fram að þessu hefur ekki verið sérstök kosningabaráttta og heldur verið tilkynnt hver hefur orðið fyrir valinu.

Umsjónarkennari með félagsstarfi, sem einnig er staðgengill skólastjóra, situr ekki fundi stjórnarinnar. Stjórnin á ekki fasta fundartíma heldur fundar þegar eitthvað stendur til og fær þá fyrirmæli frá deildarstjóra um að halda fund. Hlutverk stjórnarinnar er að skipuleggja félagsstarf unglinga í skólanum og ákveða hvenær og hvernig böll eru haldin. Um það leyti sem heildarmat fór fram var stjórnin með það verkefni að skipuleggja fjögurra daga heimsókn danskra pennavina. Ákvarðanir sem teknar eru á fundum eru bornar undir umsjónarkennarann.

Það kom fram á rýnifundi með stjórninni að nemendur hefðu ekki fengið leiðbeiningar um það hvert hlutverk þeirra væri sem fulltrúar nemenda í stjórn nemendafélags. Það kom fram sú ábending að gott væri að hafa fundina til að meira skipulag væri á starfinu. Það kom einnig fram að kennari sem stýrði starfinu hefði mikið ákvörðunarvald. Nemendur töluðu einnig um að dauft hefði verið yfir félagslífínu í vetur og böll væri haldin fyrir mjög fáa. Nemendur í stjórninni ræddu um ýmsa félagsstarfsmöguleika á fundi með starfsmönnum heildarmatsins, s.s. að vera með pylsupartý, páskabingó, páskaeggjaleit og o.s.frv. en það var einnig mat þeirra að þessir viðburðir væri oft of dýrir til að hægt væri að halda þá.

Aðspurð þekktu fulltrúar í stjórninni lítið til starfa skólaráðs. Tveir nemendur sem sátu rýnifundinn eru skráðir á heimasíðu skólans sem fulltrúar nemenda í skólaráði, en könnuðust ekki við það. Þó hafa þeir að sögn skólastjóra setið fundi ráðsins nema þann síðasta.

Ábendingar:

- Athuga mætti þann möguleika að koma meiri formfestu á starf stjórnar nemendafélagsins með föstum fundartímum.
- Æskilegt væri að fulltrúar í stjórninni fengju leiðsögn um hlutverk sitt.
- Fram kom að félagsstarf unglinganna mætti vera öflugra og smæð skólans ylli því að það væri frekar fábreytt. Því má e.t.v. leita til annarra skóla um samstarf varðandi félagslíf.

- Vakin er athygli á því að skv. 2. mgr. 10. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 ber nemendafélagi hvers skóla að setja sér starfsreglur um kjör fulltrúa í skólaráð. Ekki var að skilja á fundi með stjórn nemendafélagsins að slíkar reglur hefðu verið settar og könnuðust þeir nemendur sem skráðir eru sem fulltrúar nemenda í skólaráði ekki við setu í ráðinu.

Reglur og agi

Skólareglur Landakotsskóla eru birtar í sérstökum kafla í skólanámskrá, þær eru settar fram í þremur undirköflum: *Hegðun og framkoma*; *Skólareglur og viðurlög* og *Nokkrar einfaldar reglur um umgengni, siði og venjur í skólanum*. Síðastnefndu reglurnar eru birtar á heimasíðu undir krækjunni: Skólareglur og þær mátti einnig sjá víða uppi við í skólastofum.

Viðurlög við brotum eru birt í skólanámskrá, þau felast í viðvörðunum og áminningum og brottvísun nemanda úr tíma, úr námsgrein eða tímabundið úr skóla meðan unnið er að lausn mála. Meðferð agamála er skilgreind þar sem fram kemur hver tekur á máli sem upp kemur. Við alvarleg eða endurtekin brot kemur skólastjóri að málinu og kallar forráðamenn á sinn fund.

Skólareglur uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008 (sjá fylgiskjal: Gátlisti um skólareglur). Bent er á að ný reglugerð um ábyrgð nemenda tekur væntanlega gildi á komandi skólaári, þar er m.a. kveðið á um inntak skólareglna og viðurlaga.

Nemendur í rýnihópum kannast við skólareglur, en eru ekki viss um hvort farið er eftir þeim en „allir haga sér bara nokkuð vel“. Kennarar eru þó ekki allir með sömu reglurnar að þeirra sögn og það sem einn bannar leyfir annar. Fyrir kemur að „krakkar eru reknir úr tíma“ ef þau haga sér ekki. Yngri nemendur segjast „safna stigum til að gera eitthvað skemmtilegt“ og þau tala um gul og rauð spjöld sem þau fá þegar þau brjóta reglur, tvö rauð spjöld og þá ferðu til skólastjórans, eldri nemendur kannast ekki við þetta.

Fram kemur hjá kennurum að það liggi ágætlega fyrir hvernig tekið er á agabrotum, kennarar taka sjálfir á málum og umsjónarkennarar ræða við nemendur og foreldra ef þarf. Ekki er um að ræða njörvað agakerfi heldur „heimilisaga“ að þeirra sögn. Einnig kemur fram að innan kennarahópsins hafi verið ólíkar hugmyndir um aga hjá eldri kjarna starfsfólks annars vegar og yngri hins vegar og málið verið rætt töluvert um tíma en „ekki endilega komin ákveðin niðurstaða“. Einnig kemur fram að kennurum finnst skorta úrræði í „kerfinu“ fyrir alla nemendur og að þeirra mati mætti skerpa á því ferli sem fer í gang við alvarleg brot.

Kennarar hrósa stundum segir í rýnihópi nemenda, þegar þau hafa lokið verkefnum og staðið sig vel fá þau hrós. Nemendur fá hrós þegar þau eiga það skilið, segir starfsfólk.

Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir). Það sama má segja um hegðun nemenda á göngum skólans, ákveðin kyrrð og jákvætt andrúmsloft einnkenndi hegðun nemenda.

Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 91% svarenda í Landakotsskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Ábendingar

- Skólareglur Landakotsskóla eru birtar í sérstökum kafla í skólanámskrá, þær eru settar fram í þremur undirköflum: *Hegðun og framkoma; Skólareglur og viðurlög og Nokkrar einfaldar reglur um umgengni, siði og venjur í skólanum*. Síðastnefndu reglurnar eru birtar á heimasíðu undir krækjunni: Skólareglur og þær mátti einnig sjá víða uppi við í skólastofum.
- Viðurlög við brotum eru birt í skólanámskrá og meðferð agamála er skilgreind þar sem fram kemur hver tekur á máli sem upp kemur. Við alvarleg eða endurtekin brot kemur skólastjóri að málinu og kallar forráðamenn á sinn fund.
- Skólareglur uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008.
- Nemendur í rýnihópum kannast við skólareglur, en eru ekki viss um hvort farið er eftir þeim en „allir haga sér bara nokkuð vel“. Kennarar eru þó ekki allir með sömu reglurnar að þeirra sögn og það sem einn bannar leyfir annar.
- Yngri nemendur segjast „safna stigum til að gera eitthvað skemmtilegt“ og þau tala um gul og rauð spjöld sem þau fá þegar þau brjóta reglur.
- Fram kemur hjá kennurum að það liggi ágætlega fyrir hvernig tekið er á agabrotum. Einnig kemur fram að innan kennarahópsins hafi verið ólíkar hugmyndir um aga hjá eldri kjarna starfsfólks annars vegar og yngri hins vegar og málið verið rætt töluvert um tíma en „ekki endilega komin ákveðin niðurstaða“.
- Kennurum finnst skorta úrræði í „kerfinu“ fyrir alla nemendur og að þeirra mati mætti skerpa á því ferli sem fer í gang við alvarleg brot.
- Kennarar hrósa stundum segir í rýnihópi nemenda, þegar þau hafa lokið verkefnum og staðið sig vel fá þau hrós. Nemendur fá hrós þegar þau eiga það skilið, segir starfsfólk.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 91% svarenda í Landakotsskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í skólanámskrá er kafla um hlutverk foreldra og ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna. Kaflinn hefst á setningunni: Við álitum að foreldrar gegni sérstöku hlutverki í sköpunarverki Guðs. Einnig segir þar að án samvinnu við foreldra geti skólinn ekki náð árangri. Skólinn telur það hlutverk sitt að vinna með foreldrum að auknum þroska barna þeirra og ali þau upp með kærleiksríkri umhyggju og af skynsamlegri festu (Skólanámskrá, s. 6). Í stefnumótun skólans er kafla um samstarf við foreldra, þar segir m.a. að leitast sé við að hafa samráð við foreldra um stefnumarkandi ákvarðanir og að skólastjórnendur leitist við að eiga ávallt í góðu samstarfi við foreldra (Heimasíða. Stefnumótun).

Í foreldrakönnun Menntasviðs veturinn 2010 svöruðu 48 foreldrar í Landakotsskóla af 84 í úrtaki, sem er 57% svörun. Svarhlutfallið var 65% fyrir alla grunnskólana í borginni. Í skólanum voru 114 nemendur skólaárið 2009-2010, sem þýðir að svör vegna u.þ.b. 42% nemenda í skólanum var að finna í könnuninni.

Helstu niðurstöður voru þær að 89% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 47% vera *mjög ánægð*. Ánægjuhlutfallið í Landakotsskóla var 92% í fyrstu könnuninni í skólanum árið 2004 en lækkaði í næstu tveimur könnunum og var komið í 77% í könnuninni 2008. Hlutfallið jókst síðan aftur árið 2010 og fór í 89% eins og áður sagði. Á

kvarðanum 1 til 5 hækkaði skólinn um 0,3 frá 2008 til 2010, fór úr 4,0 í 4,3. Skólinn var 0,2 yfir meðaltalsánægjunni í borginni allri árið 2010.

Í spurningu um stjórnun skólans töldu 63% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 20% telja skólanum vera *mjög vel* stjórnað. Á tímabilinu 2004-2006 var ánægjuhluftallið í skólanum með stjórnunina 83% en það hrapaði síðan niður í 52% í könnuninni 2008. Ánægjan jókst því í könnuninni 2010 um 11 prósentustig miðað við könnunina 2008 og endaði sem sagt í 63%. Á kvarðanum 1 til 5 hækkaði skólinn um 0,4 á milli mælinganna 2008 og 2010, fór úr 3,2 í 3,6. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2010 var 4,0 og skólinn því 0,4 undir meðaltali.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mjög mikil í skólanum fyrir árið 2010. Í helstu sex spurningum um umsjónarkennarann voru meðaltölin í öllum tilvikum fjórir og þar yfir, í öllum tilvikum hærri en meðaltöl skólans árið 2008 og í öllum tilvikum hærri en meðaltöl borgarinnar allrar.

Um 93% svarenda fannst skólinn gera *hæfilegar* námslegar kröfur til barnsins síns, 91% fannst aginn *hæfilegur* og 84% fannst magn heimavinnu barnsins *hæfileg*. Skólinn var hér hærri en Reykjavík í öllum þremur tilvikum.

Sé miðað við könnunina 2008, þá jókst ánægja foreldra með aðstöðu til að matast, leikaðstöðu á skólalóð, upplýsingagjöf skólans og hvernig skólinn kom til móts við þarfir barns þeirra en minnkaði hvað varðar almennt ástand húsnæðis og samskipti starfsfólks við barn þeirra. Meðaltöl skólans eru hér ýmist hærri eða lægri en meðaltölin í borginni.

Í heildina kom skólinn mjög vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Langflestir voru ánægðir með skólann, ánægja með umsjónarkennara var mjög mikil, spurningar um líðan komu mjög vel út, sem og mat foreldra á námslegum kröfum skólans, agamálum og magn heimavinnu. Það sem skar sig úr var mun minni ánægja með stjórnun skólans sé miðað við velflest annað sem spurt var um í könnuninni, en þó hækkaði skólinn á milli mælinga í stjórnunarspurningunni.

Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með skólann „fínn skóli“, öflugt skólastarf og góður undirbúningur fyrir framhaldsskólann, „þessi mikli akademíski kúltúr“. Foreldrarnir eru sérstaklega ánægðir með skólastjórnann. Neikvæðni heyrir fortíðinni til að þeirra mati og nú er einnig meiri stöðugleiki í kennarahópnum.

Athugasemdir rýnihópsins varða helst hversu fáir nemendur eru á unglíngastiginu sem þýðir að félagslíf verður ekki nógu mikið, foreldrar nefna einnig að skólalóð þurfi að bæta og íþróttahús vanti og „það þarf að gera eitthvað í þeim málum“.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð kemur saman einu sinni á önn undir stjórn skólastjóra, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrjár fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda. Fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og má finna nýjustu fundargerð á heimasíðu skólans.

Fulltrúar skólaráðs í rýnihópi telja hlutverk ráðsins vera stuðning við skólann, farið er yfir skóladaatal á fundi ráðsins og ýmsa þætti varðandi kennsluna. Fundir hafa verið boðaðir með dagskrá og síðan „rætt saman“.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og er hefð fyrir virkri þátttöku þess í skólastarfinu og stuðningi, m.a. með fjáröflun til að bæta aðstöðu nemenda og til að styrkja skólastarfið og að sögn skólastjóra safnar foreldrafélagið nú í ferðasjóð nemenda. Stjórn foreldrafélagsins fundar reglulega og eru fundargerðir á heimasíðu skólans ásamt lögum félagsins og upplýsingum um starfsemi þess.

Foreldrafélagið hefur umsjón með ákveðnum viðburðum í samstarfi við skólann, s.s. aðventuhátíð sem er fjölsótt og vorhátíð.

Starf bekkjarfulltrúa felst einkum í að skipuleggja nokkra viðburði í bekknum á hverju misseri og færa upplýsingar inn í bekkjarmöppu sem fylgir hverjum bekk gegnum skólann (Heimasíða. Foreldrafélag). Vel er mætt á bekkjarkvöld sem foreldrar skipuleggja.

Ábendingar

- Í skólanámskrá er kafli um hlutverk foreldra og ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna. Í stefnumótun skólans segir m.a. að leitast sé við að hafa samráð við foreldra um stefnumarkandi ákvarðanir og að skólastjórnendur leitist við að eiga ávallt í góðu samstarfi við foreldra
- Helstu niðurstöður í foreldrakönnun 2010 voru þær að 89% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 47% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja foreldra er 4.3 (af 5) í Landakotsskóla sem hærra en að meðaltali í borginni allri (4.1).
- Í heildina kom skólinn mjög vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Langflestir voru ánægðir með skólann, ánægja með umsjónarkennara var mjög mikil, spurningar um líðan komu mjög vel út, sem og mat foreldra á námslegum kröfum skólans, agamálum og magn heimavinnu.
- Sé miðað við könnunina 2008, þá jókst ánægja foreldra með aðstöðu til að matast, leikaðstöðu á skólalóð, upplýsingagjöf skólans og hvernig skólinn kom til móts við þarfir barns þeirra en minnkaði hvað varðar almennt ástand húsnæðis og samskipti starfsfólks við barn þeirra.
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með skólann „fínn skóli“, öflugt skólastarf og góður undirbúningur fyrir framhaldsskólann, „þessi mikli akademíski kúltúr“. Foreldrarnir eru sérstaklega ánægðir með skólastjórnann. Neikvæðni heyrir fortíðinni til að þeirra mati og nú er einnig meiri stöðugleiki í kennarahópnum.
- Athugasemdir rýnihópsins varða helst hversu fáir nemendur eru á unglíngastiginu sem þýðir að félagslíf verður ekki nógu mikið, foreldrar nefna einnig að skólalóð þurfi að bæta og íþróttahús vanti og „það þarf að gera eitthvað í þeim málum“.
- Skólaráð kemur saman einu sinni á önn undir stjórn skólastjóra, það starfar skv. lögum og reglugerð. Fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og má finna nýjustu fundargerð á heimasíðu skólans.
- Fulltrúar skólaráðs í rýnihópi telja hlutverk ráðsins vera stuðning við skólann, farið er yfir skóladagatal á fundi ráðsins og ýmsa þætti varðandi kennsluna. Fundir hafa verið boðaðir með dagskrá og síðan „rætt saman“.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann og er hefð fyrir virkri þátttöku þess í skólastarfinu og stuðningi, m.a. með fjáröflun.
- Stjórn foreldrafélagsins fundar reglulega og eru fundargerðir á heimasíðu skólans ásamt lögum félagsins og upplýsingum um starfsemi þess.
- Foreldrafélagið hefur umsjón með ákveðnum viðburðum í samstarfi við skólann, s.s. aðventuhátíð sem er fjölsótt og vorhátíð.

- Starf bekkjarfulltrúa felst einkum í að skipuleggja nokkra viðburði í bekknum á hverju misseri og færa upplýsingar inn í bekkjarmöppu sem fylgir hverjum bekk gegnum skólann.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Í stefnumótun Landakotsskóla kemur fram það markmið að foreldrar séu á hverjum tíma vel upplýstir um starfið í skólanum og stöðu og líðan barna sinna sem þar stunda nám (Heimasíða. Stefnumótun).

Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar frá skólanum og nefna svokallaðan vikuskammt, sem er upplýsingapóstur frá skólastjóra um hvað hefur verið gert í vikunni og hvað er framundan. Þeir telja einnig að um upplýsingastreymi sé betra í Landakotsskóla en öðrum skólum og finnst þeir vera í góðu sambandi við kennarana þó það minnki hjá eldri nemendum.

Foreldrum í rýnihópi finnst þeir vera velkomnir í skólann og koma gjarnan inn með börnum sínum á morgnana, „húsvörðurinn þekkir alla með nafni og heilsar“. Þegar skólinn hefur haft opið hús þá er vel mætt.

Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 71% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru um 26% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 3,9 í spurningunni, sem er aðeins lægra en að meðaltali í Reykjavík (4,1).

Starfsmenn í rýnihópum telja að almennt gangi samskipti við foreldra mjög vel. Flestir kennarar eru í miklum rafrænum samskiptum við foreldra, með tölvupósti og í mentor meðan aðrir vilja hafa bein samskipti við foreldra. Kennarar í rýnihópi segja að foreldrar séu mjög áhugasamir og mæti vel á fundi í skólanum.

Ábendingar

- Í stefnumótun Landakotsskóla kemur fram það markmið að foreldrar séu á hverjum tíma vel upplýstir um starfið í skólanum og stöðu og líðan barna sinna sem þar stunda nám.
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar frá skólanum og nefna svokallaðan vikuskammt, sem er upplýsingapóstur frá skólastjóra um hvað hefur verið gert í vikunni og hvað er framundan. Þeir telja einnig að um upplýsingastreymi sé betra í Landakotsskóla en öðrum skólum.
- Foreldrum í rýnihópi finnst þeir vera velkomnir í skólann og koma gjarnan inn með börnum sínum á morgnana.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 71% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru um 26% mjög ánægð.
- Starfsmenn í rýnihópum telja að almennt gangi samskipti við foreldra mjög vel. Flestir kennarar eru í miklum rafrænum samskiptum við foreldra, með tölvupósti og í mentor meðan aðrir vilja hafa bein samskipti við foreldra. Kennarar í rýnihópi segja að foreldrar séu mjög áhugasamir og mæti vel á fundi í skólanum.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Í skólanámskrá Landakotsskóla segir að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og kostað sé kapps um að í hendur haldist bóklegt nám, listgreinar og holl hreyfing. Starfsmenn leitast við að beita lýðræðislegum vinnubrögðum og vera þannig í senn fyrirmynd og leiðtogar (Skólanámskrá, s. 5).

Skólinn fylgir aðalnámskrá grunnskóla í öllum megindráttum, segir í skólanámskrá, en vikur frá henni og færir til námsefni í nokkrum greinum. Þannig hefst kennsla í ensku í 1. bekk, dönsku í 6. bekk, námsefni í íslensku, sögu og öðrum samfélagsgreinum hefur verið fært niður um einn bekk. Sérstök áhersla er lögð á grunngreinar, svo sem íslensku og stærðfræði frá og með 3. bekk með auknum fjölda kennslustunda í þessum greinum. Nemendur fá frá 1. bekk kennslu í tölvunotkun, list- og verkgreinum (Skólanámskrá, s. 7).

Á heimasíðu skólans er að finna áherslupunkta um kennslu nemenda undir krækjunni: skólanámskrá. Þar kemur einnig fram að nánari útfærslu er að finna í bekkjarnámskrám á mentor.is. Í þessum lýsingum kemur fram hvaða námsefni er unnið með í hverri námsgrein, vinnubrögð, og í sumum tilvikum einnig upplýsingar um námsmat. Athygli vekur að í allnokkrum árgöngum vantar upplýsingar um íslenskukennsluna. Námsáætlanir eru á Mentor og aðgengilegar fyrir foreldra þar. Áætlun um enskukennslu liggur fyrir við matið, þar koma fram upplýsingar um tímafjölda á viku fyrir hvern árgang, markmið, efnisþætti, kennsluaðferðir, námsgögn og námsmat.

Mikil áhersla er á heimanám og að foreldrar fylgist vel með heimanámi, gefi sér tíma og næði til að hlusta á barnið lesa, leiðbeina því og spjalla við það um innihald námsefnisins. Eftir 2. bekk hafa nemendur nær daglega heim með sér verkefni sem þeir eiga að leysa. Foreldrar bera ábyrgð á því að barnið hafi lokið öllum undirbúningi fyrir skólann (Skólanámskrá, s. 20). Foreldrar í rýnihópi telja að heimanám sé meira en í öðrum skólum og segja að krakkarnir læri að aga sig í því að setjast niður við heimanámið.

Hjá kennurum kemur fram að kennsluhættir í íslensku og stærðfræði séu nokkuð hefðbundnir en fjölbreyttari og óhefðbundnari í öðrum greinum, að mati kennara í rýnihópi eru gerðar kröfur til nemenda og þau læra öguð vinnubrögð. Einnig segir að nemendur sem fara í aðra skóla séu komin lengra í námsefni en jafnaldrar. Í rýnihópi foreldra kemur fram að kennarar hafi metnað fyrir krökkunum og vilji að þau nái tókum á námsefninu, einnig að námsefnið sé erfiðara og nemendur vel undirbúin undir framhaldsskólann. Það þykir líka flott hér að vera með góðar einkunnir, segja foreldrarnir.

Eins og fram kemur í yfirlitinu hér að neðan var algengasta kennsluaðferð í vettvangsathugunum bein kennsla eða innlögn og verkefnavinna nemenda undir stjórn kennara þar sem allir vinna að sama eða hliðstæðu verkefni eða í rúmlega helmingi tilvika sem merkt var við í heimsókn í skólastofu. Verklegt, sköpun og tjáningu var merkt við í um þriðjung tilvika, önnur vinnubrögð voru sjaldséðari (sjá fylgiskjal – vettvangsathuganir).

Yfirlit yfir kennsluaðferðir í vettvangsathugunum.

	5 ára	1.-4.b.	5.-7. b.	8.- 10.b.	List- og verk- greinar	Alls
Bein kennsla/innlögn/umræður	1	2	2	2	1	8
Verkefnavinna undir stjórn kennara	1	4	1	1	1	8
Þemavinna						0
Verklegt-		1			5	6
Sköpun - tjáning					4	4
Tilraunir						0
Markviss samvinna í hóp				2		2
Sjálfstæð vinna nemenda, að e-u leyti að eigin vali				1		1
Farið yfir heimavinnu				1		1

List- og verkgreinar

Myndmennt, dans og kór er á töflu nemenda frá 5. ára og upp í 8. bekk. Textílmennt og smíði er á töflu nemenda frá 2. bekk, hálfur bekkur í hvorri grein hálfan veturinn. Heimilisfræði er ekkert kennt, þar sem aðstöðu skortir við skólann en verður tekin upp á næsta skólaári. List- og verkgreinar eru í boði sem val í 9. og 10. bekk.

Valgreinar

Ekki liggja fyrir upplýsingar um þær valgreinar sem í boði eru á hverju ári í Landakotsskóla en miðað við stundatöflur eru nemendur í unglingadeildum í 4-6 valgreinatímum á viku. Valgreinar eru myndmennt, smíði, spænska, stærðfræði, heimspeki og kínverska.

Bókasafn

Bókasafn er á neðri hæð gamla prestbústaðarins við Túngötu. Þar hefur verið komið fyrir bókakosti skólans og vinnuáðstöðu fyrir nemendur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um notkun safnsins í skólastarfinu.

Námsmat

Í skólanámskrá skólans kemur fram að námsmat er í höndum kennara undir eftirliti skólustjóra. Námsmat er með ýmsu móti, allt frá því að veita tiltölulega ítarlega umsögn um nemendur, einkum hina yngri, yfir í einkunnagjöf í tölum. Námsmat fer fram allan veturinn og því er ætlað að sýna stöðu hvers og eins og jafnframt vera hvetjandi til dáða (Skólanámskrá, s. 5).

Í lýsingum á námi og kennslu í einstökum námsgreinum kemur fram að lögð er áhersla á símat, m.a. í formi prófa. Hjá yngstu nemendum er metinn áhugi, virkni og samskiptahæfni.


Nemendur fá skriflegan vitnisburð í formi umsagna afhentan tvisvar á ári.

Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni (sjá fylgiskjal: Matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Vegna þess hvað bekkir eru fámennir er auðvelt að koma til móts við einstaklinga og er það gert, t.d. er tekin staðan þegar nýir nemendur bætast í hópinn og þeir fá námsefni miðað við stöðu sína. Nemendur gera þó ekki eigin áætlanir um nám sitt. Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur í sérkennslu og þá sem víkja frá hópnum.

Mat á gæðum kennslustunda - vettvangsathuganir



Alls var farið í heimsókn í 18 kennslustundir í 5 ára og 1.-10. bekk og 18 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).

Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar (súla 2 á myndinni) eða 66% og 17% (súla 1 á myndinni) til viðbótar frábærar, nemendur eru virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara örugg. 17% kennslustundanna teljast viðunandi (súla 3) og engar þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi (súla 4). Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim grunnskólum Reykjavíkur sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

Ábendingar

- Í skólanámskrá Landakotsskóla segir að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og kostað sé kapps um að í hendur haldist bóklegt nám, listgreinar og holl hreyfing.
- Skólinn fylgir aðalnámskrá grunnskóla í öllum meginráttum, segir í skólanámskrá, en víkur frá henni og færir til námsefni í nokkrum greinum.
- Á heimasíðu skólans er að finna áherslupunkta um kennslu nemenda undir krækjunni: skólanámskrá. Þar kemur einnig fram að nánari útfærslu er að finna í bekkjarnámskrám á mentor.is.

- Í þessum lýsingum kemur fram hvaða námsefni er unnið með í hverri námsgrein, vinnubrögð, og í sumum tilvikum einnig upplýsingar um námsmat. Athygli vekur að í allnokkrum árgöngum vantar upplýsingar um íslenskukennsluna.
- Hjá kennurum kemur fram að kennsluhættir í íslensku og stærðfræði séu nokkuð hefðbundnir en fjölbreyttari og óhefðbundnari í öðrum greinum, að mati kennara í rýnihópi eru gerðar kröfur til nemenda og þau læra öguð vinnubrögð.
- Algengasta kennsluaðferð í vettvangsathugunum var bein kennsla eða innlögn og verkefnavinna nemenda undir stjórn kennara þar sem allir vinna að sama eða hliðstæðu verkefni eða í rúmlega helmingi tilvika sem merkt var við í heimsókn í skólastofu. Verklegt, sköpun og tjáningu var merkt við í um þriðjungi tilvika, önnur vinnubrögð voru sjaldsédari.
- Myndmennt, dans og kór er á töflu nemenda frá 5. ára og upp í 8. bekk. Textílmennt og smíði er á töflu nemenda frá 2. bekk, hálfur bekkur í hvorri grein hálfan veturinn. Heimilisfræði er ekkert kennd, þar sem aðstöðu skortir við skólann, en verður tekin upp á komandi skólaári. List- og verkgreinar eru í boði sem val í 9. og 10. bekk.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um þær valgreinar sem í boði eru á hverju ári í Landakotsskóla en miðað við stundatöflur eru nemendur í unglingsaldri í 4-6 valgreinatímum á viku
- Í skólanámskrá skólans kemur fram að námsmat er í höndum kennara undir eftirliti skólastjóra. Námsmat er með ýmsu móti, allt frá því að veita tiltölulega ítarlega umsögn um nemendur, einkum hina yngri, yfir í einkunnagjöf í tölum
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni.
- Vegna þess hvað bekkir eru fámennir er auðvelt að koma til móts við einstaklinga. Nemendur gera þó ekki eigin áætlanir um nám sitt. Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur í sérkennslu og þá sem víkja frá hópnum.
- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar eða 66% og 17% til viðbótar frábærar, nemendur eru virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara örugg. 17% kennslustundanna teljast viðunandi og engar þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Í Landakotsskóla er námsver þar sem nemendur fá aðstoð til lengri eða skemmri tíma. Þroskaþjálfari heldur utan starfið í námsverinu, auk hennar koma þrír kennarar að kennslunni auk þess sem stuðningsfulltrúar fylgja nemendum inni í bekk. Ekki eru fastir fundir með þeim sem koma að sérkennslunni, en „við tölum saman þegar við þurfum“, segir í rýnihópi um sérkennslu.

Meginmarkmið sérkennslunnar er að koma til móts við nemendur bæði námslega og félagslega. Við leitumst við að ná þessum markmiðum með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir nemendum og með því að fá nemendum verkefni við hæfi, segir á heimasíðu undir yfirskriftinni sérkennsla. Að mati skólastjóra er unnið eftir stefnu um skóla án aðgreiningar, þó hann vilji ekki að sú stefna sé algild „sumum hentar vel að vera í bekk með ófötluðum en öðrum ekki“.

Skipulag sérkennslu

Fari nemandi í sérkennslu felur það í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem almennt gerist og miðar að því að mæta sérstökum þörfum þeirra nemenda sem hennar njóta (Heimasíða. Sérkennsla).

Skimanir og greiningar eru lagðar til grundvallar sérkennslu eftir því sem þessar upplýsingar liggja fyrir. Að hausti er farið yfir lista yfir þá sem taldir eru þurfa stuðning eða sérkennslu og foreldrar og kennarar geta komið með óskir sem reynt er að koma til móts við. Sérkennsla er mest í íslensku, lestri og stærðfræði og nemendur fá kennslu í námsveri ýmist einir eða í litlum hópi.

Nemendur í sérkennslu fylgja í flestum tilvikum stundaskrá bekkjar síns og reynt er að hafa sérkennslu í sömu greinum og verið er að kenna í bekknum hverju sinni.

Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir eru gerðar fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá. Þroskaþjálfari og sérkennari sjá um gerð þeirra og ber undir kennara og foreldra á teymisfundum. Mynduð eru teymi sem halda utan um málefni þessara nemenda með þátttöku kennara og foreldra/aðstandenda.

Aðstaða og aðbúnaður

Sérkennslan hefur til umráða tvær stofur í vetur en aðeins eina á komandi skólaári, „með lagni hefst þetta“, segir í rýnihópi um sérkennslu.

Tölvur í námsveri eru gamlar en að öðru leyti er kennslugögn í „finu lagi“ mati rýnihóps um sérkennslu.

Enginn mikið fatlaður nemandi er við skólann og að mati rýnihópsins væri erfitt að taka við líkamlega fötluðum nemenda þar sem flestar stofur eru á efri hæð húsanna og aðeins lyfta í elsta húsinu.

Viðhorf og líðan:

Viðhorf er bæði jákvætt og neikvætt í skólanum til barna með sérþarfir, og í hópnum hefur verið umræða um það að hve miklu leyti er rétt að taka við fötluðum nemendum ef ekki er hægt að tryggja þeim nám við hæfi. Viðhorf nemenda til fatlaðra er almennt „þokkalegt“, segir í rýnihópi um sérkennslu.

Upplýsingaflæði – samstarf

Samstarf og upplýsingaflæði um sérkennsluna innan skólans er mest óformlegt að sögn rýnihóps um sérkennslu. Samstarf er gott við foreldra og teymi hafa verið mynduð um nokkra einstaklinga með þátttöku þeirra.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Samstarf við þjónustumiðstöð er í mótun og hefur gengið vel. Tveir aðilar frá Vesturgarði skiptast á að koma á fundi í skólanum.

Nemendaverndarráð fundar vikulega á starfstíma skóla. Í því sitja skólastjóri, sérkennari, hjúkrunarfræðingur skólans og fulltrúi Vesturgarðs, þjónustumiðstöðvar í Vesturbænum.

Ábendingar

- Í Landakotsskóla er námsver þar sem nemendur fá aðstoð til lengri eða skemmri tíma. Proskapjálfi heldur utan starfið í námsverinu.
- Meginmarkmið sérkennslunnar er að koma til móts við nemendur bæði námslega og félagslega. Að mati skólastjóra er unnið eftir stefnu um skóla án aðgreiningar.
- Skimanir og greiningar eru lagðar til grundvallar sérkennslu eftir því sem þessar upplýsingar liggja fyrir. Fari nemandi í sérkennslu felur það í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáðferðum.
- Sérkennsla er mest í íslensku, lestri og stærðfræði og nemendur fá kennslu í námsveri ýmist einir eða í litlum hópi.
- Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir eru gerðar fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá. Proskapjálfi og sérkennari sjá um gerð þeirra og ber undir kennara og foreldra á teymisfundi.
- Sérkennslan hefur til umráða tvær stofur í vetur en aðeins eina á komandi skólaári, „með lagni hefst þetta“, segir í rýnihópi um sérkennslu.
- Tölvur í námsveri eru gamlar en að öðru leyti er kennslugögn í „fínu lagi“ að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Enginn mikið fatlaður nemandi er við skólann og að mati rýnihópsins væri erfitt að taka við líkamlega fötluðum nemenda þar sem flestar stofur eru á efri hæð húsanna og aðeins lyfta í elsta skólahúsinu.
- Viðhorf er bæði jákvætt og neikvætt í skólanum til barna með sérþarfir, og í hópnum hefur verið umræða um það að hve miklu leyti er rétt að taka við fötluðum nemendum ef ekki er hægt að tryggja þeim nám við hæfi.
- Samstarf og upplýsingaflæði um sérkennsluna innan skólans er mest óformlegt. Samstarf við þjónustumiðstöð er í mótun og hefur gengið vel
- Nemendaverndarráð fundar vikulega á starfstíma skóla. Í því sitja skólastjóri, sérkennari, hjúkrunarfræðingur skólans og fulltrúi Vesturgarðs, þjónustumiðstöðvar í Vesturbænum.

Skólaþróun og mat

Unnið er að ýmsu þróunarstarfi innan skólans samkvæmt upplýsingum á heimasíðu.

Eitt verkefnið er: *Franska fyrir ung börn út frá myndum og menningu*. Verkefnið snýr að gerð námsefnis og tilraunakennslu þess hjá börnum á aldrinum 5-10 ára en námsefnið verður svo þróað og aðlagð að þörfum og getu eldri nemenda. Reynt verður að nota námskrár í erlendum tungumálum sem viðmið eftir því sem við á. Mikil áhersla er lögð á leik, myndræna og leikræna tjáningu og frumkvæði nemandans. Áhersla er lögð á að virkja ímyndunarafli nemenda og virka þátttöku þeirra, sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu.

Annað verkefni er heimspekikennsla fyrir unglínga og stefnt er að því að taka einnig upp heimspekikennslu á yngri stigum. Þriðja verkefnið er námsaðstoð en frá og með hausti 2010 hefur verið boðið upp á aukakennslu í síðdegistímum fyrir nemendur skólans og aðra þá sem þess óska.

Sjálfsmatsaðferðir Landakotsskóla voru metnar í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007, þá var hann meðal þeirra skóla sem uppfylltu hvorki viðmið um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats.

Sjálfsmatsáætlun Landakotsskóla fyrir árið 2010-2014 liggur fyrir við matið. Á yfirstandandi skólaári er unglíngastigið til athugunar, námsframboð, kennsluhættir, námsárangur, líðan nemenda, viðhorf kennara til námsefnis og námsmats, viðhorf foreldra til starfsemi skólans og vinnu barna sinna. Jafnframt verður staða mótuneytis skoðuð. Á komandi skólaári verður miðstigið til athugunar ásamt þjónustu bókasafns og skólaárið 2012-2013 yngstu bekkir og sérstaklega samfella milli árganga. Jafnfram stjórn skólans metin af hálfu nemenda, starfsmanna og foreldra. Skólaárið 2013-2014 verður endurtekið mat á unglíngastigi. Sjálfsmat skólans er umbótamiðað og í framhaldi af hverjum áfanga er tekin saman umbótaáætlun til þess að bregðast við niðurstöðum matsins (Skólanámskrá. Sjálfsmatsáætlun, s. 5). Umbótaáætlun liggur ekki fyrir þegar heildarmat fer fram.

Hafin er ritun sjálfsmatskýrslu í Skólaspeglinum. Mikilvægt er að halda þeirri vinnu áfram jafnhliða því sem sjálfsmati miðar samkvæmt þeirri áætlun sem fyrir liggur.

Ábendingar

- Unnið er að ýmsu þróunarstarfi innan skólans samkvæmt upplýsingum á heimasíðu.
- Eitt verkefnið er: *Franska fyrir ung börn út frá myndum og menningu*. Verkefnið snýr að gerð námsefnis og tilraunakennslu þess hjá börnum á aldrinum 5-10 ára. Annað verkefni er heimspekikennsla fyrir unglínga og stefnt er að því að taka einnig upp heimspekikennslu á yngri stigum. Þriðja verkefnið er námsaðstoð en frá og með hausti 2010.
- Sjálfsmatsaðferðir Landakotsskóla voru metnar í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007, þá var hann meðal þeirra skóla sem uppfylltu hvorki viðmið um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats.
- Sjálfsmatsáætlun Landakotsskóla fyrir árið 2010-2014 liggur fyrir við matið, þar er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem metnir verða næstu fjögur árin.
- Umbótaáætlun liggur ekki fyrir þegar heildarmat fer fram.
- Hafin er ritun sjálfsmatskýrslu í Skólaspeglinum. Mikilvægt er að halda þeirri vinnu áfram jafnhliða því sem sjálfsmati miðar samkvæmt þeirri áætlun sem fyrir liggur.

Virk upplýsingamiðlun

Skólanámskrá og námsáætlanir

Skólanámskrá Landakotsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggur fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins (sjá meðfylgjandi gátlista um skólanámskrá).

Markmið námsgreina eru sett fram í áherslupunktum um kennslu nemenda undir krækjunni: Skólanámskrá á heimasíðu. Þar kemur einnig fram að nánari útfærslu er að finna í bekkjarnámskrám á mentor.is. Í þessum lýsingum kemur fram hvaða námsefni er unnið með í hverri námsgrein, vinnubrögð, og í sumum tilvikum einnig upplýsingar um námsmat. Athygli vekur að í allnokkrum árgöngum vantar upplýsingar um íslenskukennsluna. Námsáætlanir eru á Mentor og aðgengilegar fyrir foreldra þar.

Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.

Heimasíða

Heimasíða Landakotsskóla er aðgengileg og nokkuð auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna. Fréttir hafa frá hausti verið uppfærðar reglulega og ný frétt eða frásögn birt nánast

vikulega. Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarf birtast í skólanámskrá og undir áherslur f. einstaka bekki er að finna upplýsingar um námið, þar vantar þó upplýsingar um ýmsa þætti eins og áður hefur komið fram, en einnig er vísað í upplýsingar í Mentor.

Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er ekki að finna, en annars er á heimasíðunni fjallað um flest sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal: Gátlisti um heimasíðu).

Ábendingar

- Skólanámskrá Landakotsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggur fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins.
- Markmið námsgreina eru sett fram í áherslupunktum um kennslu nemenda undir krækjunni: skólanámskrá á heimasíðu. Þar kemur einnig fram að nánari útfærslu er að finna í bekkjarnámskrám á mentor.is.
- Í þessum lýsingum kemur fram hvaða námsefni er unnið með í hverri námsgrein, vinnubrögð, og í sumum tilvikum einnig upplýsingar um námsmat.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Heimasíða Landakotsskóla er aðgengileg og nokkuð auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna. Fréttir hafa frá hausti verið uppfærðar reglulega og ný frétt eða frásögn birt nánast vikulega.
- Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er ekki að finna, en annars er á heimasíðunni fjallað um flest sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Meðal markmiða í uppeldisfræðilegri stefnu skólans er að efla umhverfisvæn viðhorf og sjónarmið sjálfbærrar þróunar. Í umhverfisstefnu í skólanámskrá er eitt af markmiðum skólans að styrkja umhverfisvitund nemenda. Rusl og annar úrgangur er flokkað og að því er unnið að hver árgangur taki þátt í a.m.k. einu grænu verkefni hvern skólavetur.

Skólinn rekur mötuneyti þar sem boðið er upp á hollan og næringarríkan mat og leggur ríka áherslu á að nemendur komi með hollt nesti. Allir kennarar leggja áherslu á nauðsyn heilbrigðra lífshátta og hjúkrunarfræðingur fylgist með líkamsþyngd og heilsufari. Allir nemendur fara út tvisvar á dag í frímínútur auk þess sem allir nemendur eru ýmist í sundi, leikfimi eða skipulagðri útivist (Skólanámskrá, s. 5-6).

Öryggisþættir

Áhersla er lögð á að öryggi og velferð nemenda og starfsmanna séu tryggð eins og kostur er. Ef eldur eða reykur er laus í skólahúsinu fer í gang viðvörunarkerfi. Slökkvitæki eru á nokkrum stöðum sem og merktir neyðarútgangar. Brunaæfingar eru haldnar reglulega (Skólanámskrá, s. 8).

Fyrir liggja upplýsingar um reglubundið eftirlit fulltrúa Umhverfissviðs Reykjavíkur frá feb. 2011. Húsnæðið var skoðað m.t.t. umgengni, þrifa, viðhalds og innivistar, einnig var skólalóð skoðuð. Niðurstaða var að umgengni og þrif væru í ágætu lagi, ekki eru gerðar athugasemdir við kennslustofur nema þrif á stólum. Athugasemdir eru gerðar við rakaskemmdir í tveimur snyrtingum nemenda. Koma þarf á innra eftirliti í mötuneyti en almenn umgengni og þrif í góðu lagi. Sömuleiðis þarf að koma á innra eftirliti með öryggi leikvallatækja og leiksvæða.

Í heimsókn vinnueftirlits frá okt. 2010 er gerð athugasemd við að ekki hefur verið kosinn öryggistrúnaðarmaður í skólanum og ekki liggur fyrir skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði. Brugðist var strax við athugasemdum og það verklag og eftirlit tekið upp sem krafist er í skýrslum eftirlitsaðila skv. upplýsingum frá skólastjóra.

Ábendingar

- Meðal markmiða í uppeldisfræðilegri stefnu skólans er að efla umhverfisvæn viðhorf og sjónarmið sjálfbærrar þróunar. Í umhverfisstefnu í skólanámskrá er eitt af markmiðum skólans að styrkja umhverfisvitund nemenda.
- Skólinn rekur mótuneyti þar sem boðið er upp á hollan og næringarríkan mat og leggur ríka áherslu á að nemendur komi með hollt nesti.
- Áhersla er lögð á að öryggi og velferð nemenda og starfsmanna séu tryggð eins og kostur er. Brunaæfingar eru haldnar reglulega.
- Fyrir liggja upplýsingar um reglubundið eftirlit fulltrúa Umhverfissviðs Reykjavíkur frá feb. 2011. Niðurstaða þess var m.a. að almenn umgengni og þrif eru í góðu lagi, en koma þarf á innra eftirliti í mótuneyti. Sömuleiðis þarf að koma á innra eftirliti með öryggi leikvallatækja og leiksvæða.
- Brugðist var strax við athugasemdum og það verklag og eftirlit tekið upp sem krafist er í skýrslum eftirlitsaðila skv. upplýsingum frá skólastjóra.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 33 starfsmenn skólaárið 2010-2011, þar af 23 kennarar (Heimasíða. Starfsfólk).

Við matið liggja ekki fyrir niðurstöður vinnustaðagreininga þar sem þær eru ekki lagðar fyrir í sjálfstætt reknunum skólum borgarinnar. Í þessum hluta verður því byggt á þeim upplýsingum sem komu fram í rýnihópum og viðtölum.

Það kom fram að starfsmenn hafa almennt ánægju af því að starfa í skólanum og njóta samskiptanna við nemendur. Það kom þó einnig fram að starfsandi í hópi kennara hefði ekki verið nægilega góður undanfarin ár og verið væri að vinna í því að stuðla að meiri starfsánægju, m.a. eru skiptar skoðanir innan hópsins um breytingar á starfsháttum. Í hópi annarra starfsmanna kom fram ánægja með starfsanda.

Þegar starfsmenn voru spurðir um kosti skólans voru þessir þættir nefndir helstir:

- Gott og fjölbreytt nám
- Tungumálakennsla byrjar snemma
- Danskennslan
- Góður árangur nemenda
- Lítil og heimilislegur skóli
- Góðir og áhugasamir kennarar.

Þegar spurt var um veikleika skólans var eftirfarandi nefnt:

- Of fáir nemendur
- Slæmt að hafa ekki íþróttahús
- Órói sem var í skólanum hefur haft áhrif á orðspor skólans
- Maturinn sem keyptur er sem heilsumatur hefur ekki staðið undir væntingum og nemendur leifa of miklu af matnum
- Starfsandi hefur ekki verið nógu góður undanfarin ár, sérstaklega ekki í hópi kennara
- Ekki mikil virkni í félagsstarfi kennara.

Samstarf

Samstarf starfsfólks er formgert með mánaðarlegum kennarafundum sem starfsmenn eru boðaðir til þegar við á. Skólastjóri fundar með fagstjórum ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Samráðsfundir og stigsfundir eru aðra miðvikudaga

Það kom fram á rýnifundum að einn starfsmannafundur hefði verið haldinn í ár og kennarar og aðrir starfsmenn hittist lítið á fundum.

Á rýnifundi með kennurum kom fram að stigsfundir væru mjög markvissir, hvert mál væri tekið fyrir sig og klárað, til umræðu væri ýmislegt sem sneri að nemendum. Það kom hinsvegar fram að starfsmannahópurinn mætti funda meira saman, t.d. varðandi gæsluna.

Ábendingar

- Við matið liggja ekki fyrir niðurstöður vinnustaðagreininga þar sem þær eru ekki lagðar fyrir í sjálfstætt reknunum skólum borgarinnar.
- Það kom fram að starfsmenn hafa almennt ánægju af því að starfa í skólanum og njóta samskiptanna við nemendur. Það kom þó einnig fram að starfsandi í hópi kennara

hefði ekki verið nægilega góður undanfarin ár og verið væri að vinna í því að stuðla að meiri starfsánægju, m.a. eru skiptar skoðanir innan hópsins um breytingar á starfsháttum.

- Þegar starfsmenn voru spurðir um kosti skólans voru þessir þættir nefndir helstir: Gott og fjölbreytt nám; tungumálakennsla byrjar snemma; danskennslan; góður árangur nemenda; lítill og heimilislegur skóli; góðir og áhugasamir kennarar
- Þegar spurt var um veikleika skólans var eftirfarandi nefnt: Of fáir nemendur; slæmt að hafa ekki íþróttahús; órói sem var í skólanum hefur haft áhrif á orðspor skólans; maturinn sem keyptur er sem heilsumatur hefur ekki staðið undir væntingum; starfsandi hefur ekki verið nógu góður undanfarin ár, sérstaklega ekki í hópi kennara; ekki mikil virkni í félagsstarfi kennara
- Samstarf starfsfólks er formgert með mánaðarlegum kennarafundum sem starfsmenn eru boðaðir til þegar við á. Skólastjóri fundar með fagstjórum ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Samráðsfundir og stigsfundir eru aðra miðvikudaga.

Aðbúnaður

Í rýnihópum og viðtölum komu fram ýmsar athugasemdir varðandi aðbúnað. Það kom fram að kominn væri tími á að endurnýja húsgögn fyrir nemendur, s.s. borð og stóla. Í myndmenntastofu er mjög góð vinnuaðstaða fyrir kennara. Það kom fram að ljósritunarvél væri staðsett í litlu herbergi og efasemdir voru um að það væri í lagi. Einnig væru aðeins tveir skjávarpar í skólanum og landakort vantaði. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar hefðu ekki nægilega góða vinnuaðstöðu. Það kom fram að það þyrfti að bæta aðbúnað í stofunum og tölvurnar væru margar gamlar.

Einhverjir kennarar voru á þeirri skoðun að aðbúnaður í skólanum væri heldur lakari en víða í skólum. Það vantaði t.d. talsvert upp á að gögn og tæki væru fyrir hendi t.d. í raungreinakennslu.

Ábendingar

- Athuga þarf hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr: „Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Í 4 mgr. segir ennfremur: „Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum“.

Símenntunaráætlun skólans liggur ekki fyrir við matið en á heimasíðu kemur fram að hún verði mótuð í samræmi við námsframboð, kennslufræðilegar áherslur og stefnu skólans að öðru leyti (Heimasíða. Símenntunaráætlun).

Í rýnihópum og viðtölum könnuðust starfsmenn ekki við símenntunaráætlun skólans. Sumir sögðust ekki hafa sinnt símenntun, aðrir höfðu farið t.d. á tölvunámskeið en það kom fram að meira hefði verið í boði áður fyrr, t.d. yfir sumartímamann. Sagt var frá kennara í skólanum sem er í námi og fær svigrúm til að klára það. Það kom fram að samráðsfundatími á miðvikudögum hefði undanfarin ár stundum verið nýttur fyrir fræðslufundi en það væri ekki mikið um slíka fundi nú. Einnig kom fram að kennarar og aðrir starfsmenn virðast ekki vera nægilega upplýstir um rétt sinn til símenntunarstyrkja hjá stéttarfélögum.

Það kom fram að starfsmannasamtöl hefðu ekki verið regluleg árlega, einhverjir hafa farið í slík samtöl undanfarin ár en það virðist hafa verið frekar stopult.

Ábendingar

- Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr: „Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.
- Símenntunaráætlun skólans liggur ekki fyrir við matið en á heimasíðu kemur fram að hún verði mótuð í samræmi við námsframboð, kennslufræðilegar áherslur og stefnu skólans að öðru leyti.
- Í rýnihópum og viðtölum könnuðust starfsmenn ekki við símenntunaráætlun skólans. Sumir sögðust ekki hafa sinnt símenntun, aðrir höfðu farið t.d. á tölvunámskeið en það kom fram að meira hefði verið í boði áður fyrr.
- Það kom fram að starfsmannasamtöl hefðu ekki verið regluleg árlega, einhverjir hafa farið í slík samtöl undanfarin ár en það virðist hafa verið frekar stopult.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Starfsmenn lýstu allir yfir ánægju með skólastjóra og samskipti við hann. Hann væri mjög sýnilegur, kæmi inn í stofur og heilsaði upp á kennara og nemendur og gengi í öll verk. Það kom fram að það væri mjög gott að leita til hans og hann brygðist skjótt við. Það kom einnig fram að nemendur þekktu hann vel sem og staðgengil skólastjóra.

Ábendingar

- Starfsmenn lýstu allir yfir ánægju með skólastjóra og samskipti við hann.
- Hann væri mjög sýnilegur, kæmi inn í stofur og heilsaði upp á kennara og nemendur.
- Það kom einnig fram að nemendur þekktu hann vel sem og staðgengil skólastjóra.

Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll kennara á haustönn 2010. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁴ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í um 10 kennslustundir á önninni⁵, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi tæplega 2 kennsludaga á haustönn 2010.⁶

Á sama hátt var farið yfir forföll starfsmanna annarra en kennara. Að meðaltali voru þeir fjarverandi 1,2 daga á önninni.

Langtímafjarvera vegna veikinda eða leyfa er ekki meðtalin.

Ábendingar

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi tæplega 2 kennsludaga á haustönn 2010.
- Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi 1,2 daga á haustönn 2010
- Meðaltalsfjarvera kennara og starfsmanna er undir heildarmeðaltali þeirra skóla sem verið hafa í heildarmati.

⁴ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁵ Vetrarorlof, langtíma veikindi og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

⁶ Meðaltalsfjarvera kennara í þeim 18 skólum þar sem heildarmat hefur farið fram er tæpir 6 dagar á önn.

Fjármál

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2010 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Sjálfstætt starfandi grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt viðmiðum um meðalrekstrarkostnað á hvern nemanda í grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum (útreikningur Hagstofu Íslands sem liggur fyrir 1. sept. ár hvert) og er framlag borgarinnar sem nemur 75% af þeirri upphæð. Að auki fær skólinn fjármagn vegna sérkennslu og íslenskukennslu fyrir nýbúa samkvæmt sömu úthlutunarreglum og aðrir grunnskólar í borginni.

Fyrir nemendur utan Reykjavíkur fær skólinn greitt samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags.

Foreldrar greiða skólagjöld sem nú eru 23.000 kr. á mánuði fyrir nemendur í 1.-10. bekk, en 17.000 fyrir nemendur úr Reykjavík í 5 ára bekk, 21.000 fyrir þá sem annars staðar búa. Síðan sækir skólinn um styrki í opinbera sjóði til einstakra verkefna en sú fjármögnun er einungis lítið brot af rekstrinum (Sjálfsmatsskýrsla 2010. Fjármálakafli).

Stjórn sjálfseignarstofnunar Landakotsskóla fer með fjármálalega ábyrgð með starfseminni og hefur eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna skólans skv. samþykktum stofnunarinnar (12.gr.). Endurskoðandi kosinn á aðalfundi rannsakar reikningshald og reikninga fyrir hvert starfsár og leggur niðurstöður fyrir aðalfund (17.gr.).

Fækkun nemenda í skólanum undanfarin ár hefur haft áhrif á rekstur skólans, en þess er vænst að nemendum fjölgi aftur á næstu árum.

Ábendingar

- Sjálfstætt starfandi grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt viðmiðum um meðalrekstrarkostnað á hvern nemanda í grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum og er framlag borgarinnar sem nemur 75% af þeirri upphæð.
- Að auki fær skólinn fjármagn vegna sérkennslu og íslenskukennslu fyrir nýbúa samkvæmt sömu úthlutunarreglum og aðrir grunnskólar í borginni.
- Foreldrar greiða skólagjöld, auk þess sem skólinn um styrki í opinbera sjóði til einstakra verkefna.
- Stjórn sjálfseignarstofnunar Landakotsskóla fer með fjármálalega ábyrgð með starfseminni og hefur eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna skólans skv. samþykktum stofnunarinnar.
- Fækkun nemenda í skólanum undanfarin ár hefur haft áhrif á rekstur skólans, en þess er vænst að nemendum fjölgi aftur á næstu árum.

Greining

Styrkleikar:

Námsárangur er góður og langt yfir meðaltali á landsvísu. Foreldrar eru ánægðir með skólabrag, áherslur og þann metnað sem þar ríkir, þeir vinna vel með skólanum og fyrir hann. Nemendum líður almennt vel.

Veikleikar:

Íþróttahús vantar við skólann og aðstöðu til að kenna heimilisfræði, Sjálfsmat er skammt á veg komið og umbótaáætlun hefur ekki verið gerð. Skipurit og starfslýsingar og símenntunaráætlun liggja ekki fyrir.

Ögranir:

Smæð skólans og fækkun nemenda undanfarin ár. Uppfylla þarf kröfur laga og reglugerða um skrifleg gögn um skólastarfið.

Tækifæri:

Efla enn frekar sérstöðu skólans. Fjölga nemendum. Ná samstöðu í kennarahópnum um stefnu, aga og meðferð agamála. Auka samstarf við aðra grunnskóla í hverfinu um félagsstarf og val í unglingsdeildum.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Námsárangur

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2010 er betri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (93% miðað við 72% í borginni allri) og allir nemendur í 2. bekk Landakotsskóla teljast geta lesið sér til gagns (100% miðað við 67% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2010 er betri en árið áður (68%) og hlutfallslega fleiri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (100% miðað við 71% árið áður).
- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Landakotsskóla í nóvember 2009. Meðaltalsárangur var mælitalan 14.7 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 10.7.
- Í Landakotsskóla stóðust allir nemendur viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og enginn nemandi taldist líklegur til að þurfa stuðning í stærðfræði.
- Landakotsskóli tók ekki þátt í fyrirlögn Talnalykils haustið 2010.
- Meðaltalsárangur nemenda í Landakotsskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010 er ekki birtur þar sem nemendafjöldi er undir tíu nema í íslensku í 10. bekk og þar er meðaltalsárangurinn undir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Framfarastuðull nemenda í 7. og 10. bekk Landakotsskóla árin 2005-2010 í íslensku og stærðfræði er hár, en innan þeirra marka sem teljast venjulegar framfarir nemenda.
- Í PISA 2009 sýndu nemendur Landakotsskóla hæsta meðaltalsárangur af grunnskólum borgarinnar í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. Meðaltalsárangur er einnig hæstur á landinu í stærðfræði og náttúrufræði og næsthæstur í lesskilningi. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 80%.

Stjórnun

- Landakotsskóli hefur verið starfræktur sem sjálfseignarstofnun undir sjálfstæðri stjórn frá hausti 2005 með starfsleyfi frá Menntamálaráðuneyti og samþykki Menntasviðs

Reykjavíkur. Í samþykktum stofnunarinnar kemur fram að tilgangur hennar er að reka einkarekinn grunnskóla í samræmi við grunnskólalög

- Stjórn Landakotsskóla ses er skipuð áhugasömum foreldrum, fyrrverandi foreldrum við skólann eða fyrrverandi nemendum.
- Skólastjóri stjórnar starfi Landakotsskóla í umboði stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar og í samræmi við lög og reglugerðir um grunnskóla. Hann fundar með stjórninni einu sinni í mánuði, upplýsir hana um skólastarfið og ber undir hana stefnumótun og hugmyndir um breytingar.
- Fagstjórar eru fyrir hvert aldursstig, fagstjóri unglिंगadeildar er staðgengill skólastjóra.
- Skipurit skólans eða starfslýsingar liggja ekki fyrir þegar mat fer fram.
- Að sögn skólastjóra er skólinn í föstum skorðum með áherslu á tungumál og stærðfræði sem hann vill halda en jafnframt taka inn nýjar áherslur, s.s. heimspekikennslu og aukna kennslu í listgreinum.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 63% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 20% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja með stjórnun var 3,6 (meðaltal í borginni 4,0).
- Foreldrar í rýnihópi lýsa mikilli ánægju með skólastjórnann. Starfsmenn í rýnihópum segja skólastjóra sýnilegan og aðgengilegan og nemendur eru mjög ánægðir með hann, hann er skemmtilegur og „það er ekkert mál að fara til hans, hann tekur vel í allt“.
- Fastur fundartími er einu sinni í viku á miðvikudögum, kennarafundur eða starfsmannafundur er fyrsta miðvikudag í mánuði, þess á milli eru stigsfundir kennara eða aðrir samráðsfundir.
- Á töflu 5 ára nemenda eru skráðir 30 tímar á viku og einn tími í lok hvers dags sem merktur er síðdegi. Á töflu 1.-3. bekkja eru skráðir 30 tímar auk eins tíma sem merktur er kór, hjá 6./7. bekk eru 37 tímar auk eins tíma sem merktur er kór. Loks eru hjá 8.-10. bekk skráðir 41-42 tímar, valttímar þar á meðal.
- Skólinn býður nemendum frá 6. bekk viðbótarkennslutíma miðað við viðmiðunarstundaskrá sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla, Heildarkennslustundafjöldi í stærðfræði er yfir viðmiðunarstundaskrá og sömuleiðis í ensku sem kennd er frá 5 ára bekk. Sömuleiðis er franska kennd frá 5 ára bekk.
- Heimilisfræði er ekkert kennd, að sögn skólastjóra vegna þess að aðstöðu skortir við skólann, en verður tekin upp á næsta skólaári.
- Ekkert íþróttahús er við skólann og sækja nemendur frá 5. bekk kennslu í íþróttahús KR auk þess sem útivera er föst á töflu. Danskennsla er í öllum árgöngum frá 5 ára, einn tíma á viku.
- Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir. Sundtímar falla inn í töflu.
- Landakotsskóli tekur að hluta þátt í samstarfi grunnskóla borgarinnar eða samstarfi í hverfinu og ekki hefur verið samstarf við félagsmiðstöðina Frosta.
- Samstarf við þjónustumiðstöð í Vesturgarði hefur verið gott að mati skólastjóra og í rýnihópi um sérkennslu kemur fram að samstarfið er í mótun.
- Ekkert formlegt samstarf er við kirkjuna en skólinn hefur fengið afnot af kirkjunni við skólasetningu og skólaslit auk þess sem þar er haldin helgistund fyrir jólin.
- Í skólanámskrá skólans segir að skólinn hafi tekið þátt í norrænum og evrópskum samstarfsverkefnum og stefnt er að því að ávallt sé eitt slíkt verkefni á starfsáætlun.

Stefna og starfsáætlun

- Starfsáætlun Landakotsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera að mestu leyti í samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Stefna Landakotsskóla er sett fram í skólanámskrá skólans. Þar kemur fram að grundvöllur skólans er kristin hugmyndafræði sem felur í sér að börnum er sýnd umhyggja og nærgætni en jafnframt gerðar kröfur um góða ástundun í námi.
- Undir stefnumótun á heimasíðu skólans eru sett fram markmið og gildi skólastarfsins. Þar segir m.a.: Landakotsskóli þjónar fjölbreyttum hópi nemenda og sinnir öllum nemendum í samræmi við þarfir þeirra, eflir sjálfstæði, frumkvæði og sköpunarkraft nemenda í vinalegu og örvandi námsumhverfi og leggur áherslu á að nemendur tileinki sér skipulögð vinnubrögð, læri að nýta tímann vel og þroski með sér heilbrigðan metnað.
- Foreldrar í rýnihópi telja sig þekkja stefnu skólans og áherslu hans á tungumál og stærðfræði, bekkir eru litlir, námið einstaklingsmiðað og mikill agi miðað við annars staðar, segir í rýnihópi foreldra.
- Sérstaða skólans felst fyrst og fremst í því að hann er einkarekinn grunnskóli. Foreldrar sækja um skólavist fyrir börn sín og greiða mánaðarleg skólagjöld. Að sögn viðmælenda í matinu eru ekki skráðar inntökureglur og það er í höndum skólastjóra að meta umsóknir.
- Í skólanámskrá kemur fram að skólinn er rekinn á kristilegum grunni og byggir á kristnum lífsgildum. Þess sér víða stað í gögnum skólans og í skólastarfinu þar sem nemendur og kennarar byrja daginn með bæn.
- Fjallað er um sérstöðu skólans í skólanámskrá, þar kemur fram að hún felst í því að bekkir eru litlir þannig að auðveldara er að koma til móts við hvern og einn. Nemendur fá fleiri tíma í íslensku og stærðfræði en krafist er, auk þess sem markviss tungumálakennsla hefst þegar í 5 ára bekk. Allir nemendur fá ríkulega kennslu í dansi, myndlist, smíði, textíl og tónmennt.
- Nemendur af erlendum uppruna og íslensk börn sem alist hafa upp erlendis eru 25-30% nemendahópsins, þessi hópur markar einnig sérstöðu skólans og skólinn leggur mikla áherslu á íslenskukennslu fyrir hann.

Nemendur og líðan

- Upplýsingar úr rannsóknum eða könnunum á líðan nemenda í Landakotsskóla liggja ekki fyrir. Skólinn er ekki þátttakandi í Skólapulsinum sem er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda
- Foreldrar barna í Landakotsskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,3 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Í skólanámskrá skólans er birt áætlun í eineltismálum, þar kemur fram að skólinn leggur áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti í formi fræðslu og umræðu fyrir alla nemendur skólans.
- Af 44 foreldrum í Landakotsskóla er svörðuð spurning um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja níu eða 21%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27% (Foreldrakönnun 2010).
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og halda að öðrum líði líka vel. Þau telja að það sé lítið um einelti í mesta lagi smástríðni „en það er ekki illa meint“.

- Nemendur í rýnihópum eru ánægðir með kennara sína, þeir „kunna sitt fag og eru öruggir og sanngjarnir“.

Stjórn nemendafélags

- Athuga mætti þann möguleika að koma meiri formfestu á starf stjórninnar með föstum fundartímum o.s.frv.
- Æskilegt væri að fulltrúar í stjórninni fengju leiðsögn um hlutverk sitt.
- Fram kom að félagsstarf unglínganna mætti vera öflugra og smæð skólans ylli því að það væri frekar fábreytt. Því má e.t.v. leita til annarra skóla um samstarf varðandi félagslíf.
- Vakin er athygli á því að skv. 2. mgr. 10. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 ber nemendafélagi hvers skóla að setja sér starfsreglur um kjör fulltrúa í skólaráð. Ekki var að skilja á fundi með stjórn nemendafélagsins að slíkar reglur hefðu verið settar og könnuðust þeir nemendur sem skráðir eru sem fulltrúar nemenda í skólaráði ekki við setu í ráðinu.

Reglur og agi

- Skólareglur Landakotsskóla eru birtar í sérstökum kafla í skólanámskrá, þær eru settar fram í þremur undirköflum: *Hegðun og framkoma; Skólareglur og viðurlög* og *Nokkrar einfaldar reglur um umgengni, siði og venjur í skólanum*. Síðastnefndu reglurnar eru birtar á heimasíðu undir krækjunni: Skólareglur og þær mátti einnig sjá víða uppi við í skólastofum.
- Viðurlög við brotum eru birt í skólanámskrá og meðferð agamála er skilgreind þar sem fram kemur hver tekur á máli sem upp kemur. Við alvarleg eða endurtekin brot kemur skólastjóri að málinu og kallar forráðamenn á sinn fund.
- Skólareglur uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008.
- Nemendur í rýnihópum kannast við skólareglur, en eru ekki viss um hvort farið er eftir þeim en „allir haga sér bara nokkuð vel“. Kennarar eru þó ekki allir með sömu reglurnar að þeirra sögn og það sem einn bannar leyfir annar.
- Yngri nemendur segjast „safna stigum til að gera eitthvað skemmtilegt“ og þau tala um gul og rauð spjöld sem þau fá þegar þau brjóta reglur.
- Fram kemur hjá kennurum að það liggi ágætlega fyrir hvernig tekið er á agabrotum. Einnig kemur fram að innan kennarahópsins hafi verið ólíkar hugmyndir um aga hjá eldri kjarna starfsfólks annars vegar og yngri hins vegar og málið verið rætt töluvert um tíma en „ekki endilega komin ákveðin niðurstaða“.
- Kennurum finnst skorta úrræði í „kerfinu“ fyrir alla nemendur og að þeirra mati mætti skerpa á því ferli sem fer í gang við alvarleg brot.
- Kennarar hrósa stundum segir í rýnihópi nemenda, þegar þau hafa lokið verkefnum og staðið sig vel fá þau hrós. Nemendur fá hrós þegar þau eiga það skilið, segir starfsfólk.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 91% svarenda í Landakotsskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Í skólanámskrá er kafli um hlutverk foreldra og ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna. Í stefnumótun skólans segir m.a. að leitast sé við að hafa samráð við foreldra um stefnumarkandi ákvarðanir og að skólastjórnenndur leitist við að eiga ávallt í góðu samstarfi við foreldra

- Helstu niðurstöður í foreldrakönnun 2010 voru þær að 89% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 47% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja foreldra er 4.3 (af 5) í Landakotsskóla sem hærra en að meðaltali í borginni allri (4.1).
- Í heildina kom skólinn mjög vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Langflestir voru ánægðir með skólann, ánægja með umsjónarkennara var mjög mikil, spurningar um líðan komu mjög vel út, sem og mat foreldra á námslegum kröfum skólans, agamálum og magn heimavinnu.
- Sé miðað við könnunina 2008, þá jókst ánægja foreldra með aðstöðu til að matast, leikaðstöðu á skólalóð, upplýsingagjöf skólans og hvernig skólinn kom til móts við þarfir barns þeirra en minnkaði hvað varðar almennt ástand húsnæðis og samskipti starfsfólks við barn þeirra.
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með skólann „finn skóli“, öflugt skólastarf og góður undirbúningur fyrir framhaldsskólann, „þessi mikli akademíski kúltúr“. Foreldrarnir eru sérstaklega ánægðir með skólastjóran. Neikvæðni heyrir fortíðinni til að þeirra mati og nú er einnig meiri stöðugleiki í kennarahópnum.
- Athugasemdir rýnihópsins varða helst hversu fáir nemendur eru á unglingastiginu sem þýðir að félagslíf verður ekki nógu mikið, foreldrar nefna einnig að skólalóð þurfi að bæta og íþróttahús vanti og „það þarf að gera eitthvað í þeim málum“.
- Skólaráð kemur saman einu sinni á önn undir stjórn skólastjóra, það starfar skv. lögum og reglugerð. Fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og má finna nýjustu fundargerð á heimasíðu skólans.
- Fulltrúar skólaráðs í rýnihópi telja hlutverk ráðsins vera stuðning við skólann, farið er yfir skóladagatal á fundi ráðsins og ýmsa þætti varðandi kennsluna. Fundir hafa verið boðaðir með dagskrá og síðan „rætt saman“.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann og er hefð fyrir virkri þátttöku þess í skólastarfinu og stuðningi, m.a. með fjáröflun.
- Stjórn foreldrafélagsins fundar reglulega og eru fundargerðir á heimasíðu skólans ásamt lögum félagsins og upplýsingum um starfsemi þess.
- Foreldrafélagið hefur umsjón með ákveðnum viðburðum í samstarfi við skólann, s.s. aðventuhátíð sem er fjölsótt og vorhátíð.
- Starf bekkjarfulltrúa felst einkum í að skipuleggja nokkra viðburði í bekknum á hverjum misseri og færa upplýsingar inn í bekkjarmöppu sem fylgir hverjum bekk gegnum skólann.

Upplýsingamiðlun og samskipti

- Í stefnumótun Landakotsskóla kemur fram það markmið að foreldrar séu á hverjum tíma vel upplýstir um starfið í skólanum og stöðu og líðan barna sinna sem þar stunda nám.
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar frá skólanum og nefna svokallaðan vikuskammt, sem er upplýsingapóstur frá skólastjóra um hvað hefur verið gert í vikunni og hvað er framundan. Þeir telja einnig að um upplýsingastreymi sé betra í Landakotsskóla en öðrum skólum.
- Foreldrum í rýnihópi finnst þeir vera velkomnir í skólann og koma gjarnan inn með börnum sínum á morgnana.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 71% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru um 26% mjög ánægð.
- Starfsmenn í rýnihópnum telja að almennt gangi samskipti við foreldra mjög vel. Flestir kennarar eru í miklum rafrænum samskiptum við foreldra, með tölvupósti og í mentor meðan aðrir vilja hafa bein samskipti við foreldra. Kennarar í rýnihópi segja að foreldrar séu mjög áhugasamir og mæti vel á fundi í skólanum.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Í skólanámskrá Landakotsskóla segir að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og kostað sé kapps um að í hendur haldist bóklegt nám, listgreinar og holl hreyfing.
- Skólinn fylgir aðalnámskrá grunnskóla í öllum meginráttum, segir í skólanámskrá, en vísar frá henni og færir til námsefni í nokkrum greinum.
- Á heimasíðu skólans er að finna áherslupunkta um kennslu nemenda undir krækjunni: skólanámskrá. Þar kemur einnig fram að nánari útfærslu er að finna í bekkjarnámskrám á mentor.is.
- Í þessum lýsingum kemur fram hvaða námsefni er unnið með í hverri námsgrein, vinnubrögð, og í sumum tilvikum einnig upplýsingar um námsmat. Athygli vekur að í allnokkrum árgöngum vantar upplýsingar um íslenskukennsluna.
- Hjá kennurum kemur fram að kennsluhættir í íslensku og stærðfræði séu nokkuð hefðbundnir en fjölbreyttari og óhefðbundnari í öðrum greinum, að mati kennara í rýnihópi eru gerðar kröfur til nemenda og þau læra öguð vinnubrögð.
- Algengasta kennsluaðferð í vettvangsathugunum var bein kennsla eða innlög og verkefnavinna nemenda undir stjórn kennara þar sem allir vinna að sama eða hliðstæðu verkefni eða í rúmlega helmingi tilvika sem merkt var við í heimsókn í skólastofu. Verklegt, sköpun og tjáningu var merkt við í um þriðjungi tilvika, önnur vinnubrögð voru sjaldséðari.
- Myndmennt, dans og kór er á töflu nemenda frá 5. ára og upp í 8. bekk. Textílmenn og smíði er á töflu nemenda frá 2. bekk, hálfur bekkur í hvorri grein hálfan veturinn. Heimilisfræði er ekkert kennd, þar sem aðstöðu skortir við skólann, en verður tekin upp á næsta skólaári. List- og verkgreinar eru í boði sem val í 9. og 10. bekk.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um þær valgreinar sem í boði eru á hverju ári í Landakotsskóla en miðað við stundatöflur eru nemendur í unglingsaldri í 4-6 valgreinatímum á viku
- Í skólanámskrá skólans kemur fram að námsmat er í höndum kennara undir eftirliti skólastjóra. Námsmat er með ýmsu móti, allt frá því að veita tiltölulega ítarlega umsögn um nemendur, einkum hina yngri, yfir í einkunnagjöf í tölum
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni.
- Vegna þess hvað bekkir eru fámennir er auðvelt að koma til móts við einstaklinga. Nemendur gera þó ekki eigin áætlanir um nám sitt. Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur í sérkennslu og þá sem víkja frá hópnum.
- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar eða 66% og 17% til viðbótar frábærar, nemendur eru virkir og fara að fyrirætlum og bekkjarstjórnun kennara örugg. 17% kennslustundanna teljast viðunandi og engar þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi.

Sérkennsla

- Í Landakotsskóla er námsver þar sem nemendur fá aðstoð til lengri eða skemmri tíma. Þroskaþjálfing heldur utan starfið í námsverinu.
- Meginmarkmið sérkennslunnar er að koma til móts við nemendur bæði námslega og félagslega. Að mati skólastjóra er unnið eftir stefnu um skóla án aðgreiningar.
- Skimanir og greiningar eru lagðar til grundvallar sérkennslu eftir því sem þessar upplýsingar liggja fyrir. Fari nemandi í sérkennslu felur það í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum.

- Sérkennsla er mest í íslensku, lestri og stærðfræði og nemendur fá kennslu í námsveri ýmist einir eða í litlum hópi.
- Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir eru gerðar fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá. Proskapjálfi og sérkennari sjá um gerð þeirra og ber undir kennara og foreldra á teymisfundum.
- Sérkennslan hefur til umráða tvær stofur í vetur en aðeins eina á komandi skólaári, „með lagni hefst þetta“, segir í rýnihópi um sérkennslu.
- Tölvur í námsveri eru gamlar en að öðru leyti er kennslugögn í „finu lagi“ að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Enginn mikið fatlaður nemandi er við skólann og að mati rýnihópsins væri erfitt að taka við líkamlega fötluðum nemenda þar sem flestar stofur eru á efri hæð húsanna og aðeins lyfta í elsta skólahúsinu.
- Viðhorf er bæði jákvætt og neikvætt í skólanum til barna með sérþarfir, og í hópnum hefur verið umræða um það að hve miklu leyti er rétt að taka við fötluðum nemendum ef ekki er hægt að tryggja þeim nám við hæfi.
- Samstarf og upplýsingaflæði um sérkennsluna innan skólans er mest óformlegt. Samstarf við þjónustumiðstöð er í mótun og hefur gengið vel
- Nemendaverndarráð fundar vikulega á starfstíma skóla. Í því sitja skólastjóri, sérkennari, hjúkrunarfræðingur skólans og fulltrúi Vesturgarðs, þjónustumiðstöðvar í Vesturbænum.

Skólaþróun, mat og upplýsingamiðlun

- Unnið er að ýmsu þróunarstarfi innan skólans samkvæmt upplýsingum á heimasíðu.
- Eitt verkefnið er: *Franska fyrir ung börn út frá myndum og menningu*. Verkefnið snýr að gerð námsefnis og tilraunakennslu þess hjá börnum á aldrinum 5-10 ára. Annað verkefni er heimspekikennsla fyrir unglinga og stefnt er að því að taka einnig upp heimspekikennslu á yngri stigum. Þriðja verkefnið er námsaðstoð en frá og með hausti 2010.
- Sjálfsmatsaðferðir Landakotsskóla voru metnar í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007, þá var hann meðal þeirra skóla sem uppfylltu hvorki viðmið um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats.
- Sjálfsmatsáætlun Landakotsskóla fyrir árið 2010-2014 liggur fyrir við matið, þar er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem metnir verða næstu fjögur árin.
- Umbótaáætlun liggur ekki fyrir þegar heildarmat fer fram.
- Hafin er ritun sjálfsmatsskýrslu í Skólaspeglinum. Mikilvægt er að halda þeirri vinnu áfram jafnhliða því sem sjálfsmati miðar samkvæmt þeirri áætlun sem fyrir liggur.
- Skólanámskrá Landakotsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggur fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólafarsins.
- Markmið námsgreina eru sett fram í áherslupunktum um kennslu nemenda undir krækjunni: skólanámskrá á heimasíðu. Þar kemur einnig fram að nánari útfærslu er að finna í bekkjarnámskrám á mentor.is.
- Í þessum lýsingum kemur fram hvaða námsefni er unnið með í hverri námsgrein, vinnubrögð, og í sumum tilvikum einnig upplýsingar um námsmat.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Heimasíða Landakotsskóla er aðgengileg og nokkuð auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna. Fréttir hafa frá hausti verið uppfærðar reglulega og ný frétt eða frásögn birt nánast vikulega.
- Upplýsingar um skólafar á öðrum tungumálum en íslensku er ekki að finna, en annars er á heimasíðunni fjallað um flest sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Meðal markmiða í uppeldisfræðilegri stefnu skólans er að efla umhverfisvæn viðhorf og sjónarmið sjálfbærrar þróunar. Í umhverfisstefnu í skólanámskrá er eitt af markmiðum skólans að styrkja umhverfisvitund nemenda.
- Skólinn rekur mótuneyti þar sem boðið er upp á hollan og næringarríkan mat og leggur ríka áherslu á að nemendur komi með hollt nesti.
- Áhersla er lögð á að öryggi og velferð nemenda og starfsmanna séu tryggð eins og kostur er. Brunaæfingar eru haldnar reglulega.
- Fyrir liggja upplýsingar um reglubundið eftirlit fulltrúa Umhverfissviðs Reykjavíkur frá feb. 2011. Niðurstaða þess var m.a. að almenn umgengni og þrif eru í góðu lagi, en koma þarf á innra eftirliti í mótuneyti. Sömuleiðis þarf að koma á innra eftirliti með öryggi leikvallatækja og leiksvæða.
- Brugðist var strax við athugasemdum og það verklag og eftirlit tekið upp sem krafist er í skýrslum eftirlitsaðila skv. upplýsingum frá skólastjóra.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

- Við matið liggja ekki fyrir niðurstöður vinnustaðagreininga þar sem þær eru ekki lagðar fyrir í sjálfstætt reknunum skólum borgarinnar.
- Það kom fram að starfsmenn hafa almennt ánægju af því að starfa í skólanum og njóta samskiptanna við nemendur. Það kom þó einnig fram að starfsandi í hópi kennara hefði ekki verið nægilega góður undanfarin ár og verið væri að vinna í því að stuðla að meiri starfsánægju, m.a. eru skiptar skoðanir innan hópsins um breytingar á starfsháttum.
- Þegar starfsmenn voru spurðir um kosti skólans voru þessir þættir nefndir helstir: Gott og fjölbreytt nám; tungumálakennsla byrjar snemma; danskennslan; góður árangur nemenda; lítill og heimilislegur skóli; góðir og áhugasamir kennarar
- Þegar spurt var um veikleika skólans var eftirfarandi nefnt: Of fáir nemendur; slæmt að hafa ekki íþróttahús; órói sem var í skólanum hefur haft áhrif á orðspor skólans; maturinn sem keyptur er sem heilsumatur hefur ekki staðið undir væntingum; starfsandi hefur ekki verið nógu góður undanfarin ár, sérstaklega ekki í hópi kennara; ekki mikil virkni í félagsstarfi kennara
- Samstarf starfsfólks er formgert með mánaðarlegum kennarafundum sem starfsmenn eru boðaðir til þegar við á. Skólastjóri fundar með fagstjórum ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Samráðsfundir og stigsfundir eru aðra miðvikudaga.
- Athuga þarf hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

- Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr: „Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.
- Símenntunaráætlun skólans liggur ekki fyrir við matið en á heimasíðu kemur fram að hún verði mótuð í samræmi við námsframboð, kennslufræðilegar áherslur og stefnu skólans að öðru leyti.

- Í rýnihópum og viðtölum könnuðust starfsmenn ekki við símenntunaráætlun skólans. Sumir sögðust ekki hafa sinnt símenntun, aðrir höfðu farið t.d. á tölvunámskeið en það kom fram að meira hefði verið í boði áður fyrr.
- Það kom fram að starfsmannasamtöl hefðu ekki verið regluleg árlega, einhverjir hafa farið í slík samtöl undanfarin ár en það virðist hafa verið frekar stopult.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

- Starfsmenn lýstu allir yfir ánægju með skólastjóra og samskipti við hann.
- Hann væri mjög sýnilegur, kæmi inn í stofur og heilsaði upp á kennara og nemendur.
- Það kom einnig fram að nemendur þekktu hann vel sem og staðgengil skólastjóra.

Viðvera starfsmanna

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi tæplega 2 kennsludaga á haustönn 2010.
- Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi 1,2 daga á haustönn 2010
- Meðaltalsfjarvera kennara og starfsmanna er undir heildarmeðaltali þeirra skóla sem verið hafa í heildarmati.

Fjármál

- Sjálfstætt starfandi grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt viðmiðum um meðalrekstrarkostnað á hvern nemanda í grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum og er framlag borgarinnar sem nemur 75% af þeirri upphæð.
- Að auki fær skólinn fjármagn vegna sérkennslu og íslenskukennslu fyrir nýbúa samkvæmt sömu úthlutunarreglum og aðrir grunnskólar í borginni.
- Foreldrar greiða skólagjöld, auk þess sem skólinn um styrki í opinbera sjóði til einstakra verkefna.
- Stjórn sjálfseignarstofnunar Landakotsskóla fer með fjármálalega ábyrgð með starfseminni og hefur eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna skólans skv. samþykktum stofnunarinnar.
- Fækkun nemenda í skólanum undanfarin ár hefur haft áhrif á rekstur skólans, en þess er vænst að nemendum fjölgi aftur á næstu árum.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2007.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um sjálfseignarstofnanir nr. 33/99.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.

Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Landakotsskóli vorið 2010. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Samþykktir fyrir sjálfseignarsstofnunina Landakotsskóla ses. Skipulagsskrá. 2005.

Sjálfsmatsskýrsla Landakotsskóla 2010-2011.

Skólanámskrá Landakotsskóla skólaárið 2010-2011. Landakotsskóli.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2010. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2010. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Talnalykill 2009. Landakotsskóli 2010. Reykjavík. Menntasvið.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2010. Landakotsskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

www.Landakotsskoli.is

Fylgiskjöl

1. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur